BLAÐ HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

Sámur

Sámur 2. tbl. 54. árg. desember 2020 · verð 999.- kr.

EFNISYFIRLIT

ERFÐAFJÖLBREYTILEIKI . . . 4
DAGUR ÍSLENSKA FJÁRHUNDSINS . . . 6
TEGUNDARKYNNING - COTON DE TULÉAR . . . 8
ALMENN UMHIRÐA . . . 10
RÆKTANDINN - ORKU RÆKTUN . . . 14
FJÁRHUNDURINN POLAR . . . 18
TÝNDUR HUNDUR - HVAÐ Á AÐ GERA? . . . 20
HUNDAR OG FERÐALÖG . . . 22
HUNDAR OG BÓKMENNTIR . . . 26
HUNDAR SPÁSSERA UM Í KRINGLUNNI . . . 28
HANN KOM MÉR RÉTTA LEIÐ - NIÐUR HEIM . . . 32
ERLENDI RÆKTANDINN - LACRIMA CHRISTI - KRÓATÍU . . . 34
BÓKAHORNIÐ . . . 37
DÍSA - SAGA AF ÖLDUNGI . . . 38
INNIAÐSTAÐA FYRIR BESTU VININA . . . 40
HEYRNALEYSI Í DÝRUM . . . 42
HLAÐVÖRP FYRIR HUNDAÁHUGAFÓLK . . . 45
SJÚKRAKASSI FERFÆTTA VINARINS . . . 46
NÝIR MEISTARAR . . . 48
ÚTSLÁTTARKEPPNI HRFÍ . . . 49
NÝI FJÖLSKYLDUMEÐLIMURINN - UNDIRBÚNINGUR OG NOKKUR GÓÐ RÁÐ . . . 52
SPURT OG SVARAÐ MEÐ STJÓRN HRFÍ . . . 54

FORSÍÐA

Forsíðumyndin er af:
ISCh Astra Polar
Eigendur: Birna Ósk Kristjónsdóttir og Kristinn Hákonarson
Ræktandi: Janet Beale
Ljósmyndari: Carolin Giese

Stjórn og starfsfólk Hundaræktarfélags Íslands óskar öllum félagsmönnum sínum og öðrum velunnurum gleðilegrar jólahátíðar og farsældar á komandi ári.

Fjölmargir virkir félagsmenn koma að starfi félagsins í sjálfboðavinnu ár hvert og er það óeigingjarnt starf sem er ómetanlegt fyrir félagið okkar. Án ykkar hjálpar væri starfsemi félagsins ekki eins öflug og hún er í dag.

Félagið er stöðugt að eflast, vaxa og dafna og við tökum saman á móti nýju ári með styrk og jákvæðni að leiðarljósi í þeim verkefnum sem bíða okkar.

GLEÐILEG JÓL!
Stjórn og starfsfólk HRFÍ

STJÓRN HRFÍ
Formaður:
Herdís Hallmarsdóttir
Varaformaður:
Auður Sif Sigurgeirsdóttir
Stjórn:
Guðbjörg Guðmundsdóttir, ritari
Heiðar Sveinsson, meðstjórnandi
Svava Björk Ásgeirsdóttir, meðstjórnandi

Vara stjórn:
Anna Guðjónsdóttir
Guðni B. Guðnason
Ábyrgðarmenn:
Guðný Isaksen
Herdís Hallmarsdóttir

Ritstjóri:
Svava Björk Ásgeirsdóttir
Netfang: samur@hrfi.is

Ritnefnd:
Anja Björg Kristinsdóttir
Bjarnheiður Erlendsdóttir
Guðfinna Kona Kristinsdóttir
Hafdís Jóna Þórarinsdóttir
Kristjana Knudsen
Silja Unnarsdóttir
Sunna Birna Helgadóttir
Sunna Dís Jensdóttir

Prófarkalestur:
Svava Björk Ásgeirsdóttir

Auglýsingar:
hrfi@hrfi.is

Umbrot:
Linda Björk Jónsdóttir

Útgefandi:
Hundaræktarfélag Íslands
Síðumúla 15
108 Reykjavík
Sími: 588-5255
Vefsíða: www.hrfi.is
Netfang: hrfi@hrfi.is
ISSN 1027-4235
Sámur 2. tbl 54. árg 2020

Sámur kemur út tvisvar sinnum á ári í 2800 eintaka upplagi. Blaðið er fyrst og fremst sent skuldlausum félögum HRFÍ. Auk þess fá erlend hundaræktarfélög, fjölmiðlar, sjúkrastofnanir og bókasöfn blaðið sent til sín. Tímaritið er einnig selt í lausasölu. Aðsent efni í blaðið er á ábyrgð höfundar og þarf ekki að lýsa skoðun ritnefndar eða stefnu félagsins. Eftirprentun er bönnuð nema að fengnu leyfi höfundar.

FRÁ RITSTJÓRA

Það má með sanni segja að desember pistillinn sé afskaplega mikið ólíkur þeim pistli er ritaður var á sama árstíma í fyrra. Þá fögnuðum við félagsmenn stórkostlegu ári þar sem við höfðum haldið upp á 50 ára afmæli félagsins með ýmsum viðburðum allt það ár. Við getum þó huggað okkur við að bráðum kemur betri tíð með blóm í haga og sól í sinni. Vinkonurnar bjartsýni og jákvæðni munu koma okkur yfir þetta tímabil fyrr en varir.

Þessi eina sýning sem haldin var á árinu tókst stórkostlega að vanda og lifir lengi í minningunni. Það má segja að þeir félagsmenn sem mæta með hundana sína í ræktunardóm geti varla beðið eftir því að slíkt tækifæri komi aftur. Hvolpar hafa vaxið upp úr hvolpaflokkum og orðið af dýrmætri reynslu. Aðrir hafa vaxið upp í öldungaflokk og bíða spenntir eftir að fá að vekja hylli dómaranna sem „heldri“ borgarar. Þökk sé frábærum starfsmönnum félagsins, félagsmönnum og sjálfboðaliðum tókst félaginu að halda svokallaða útsláttarkeppni í sumar og var það afskaplega kærkomin tilbreyting fyrir félagsmenn. Almenn ánægja var með daginn og eru honum gerð góð skil í blaðinu.

Starf í hinum ýmsu deildum félagsins hefur haldið áfram að einhverju leyti og hafa félagar sniðið sér stakk eftir vexti á þessu undarlega ári. Hundarnir hafa áfram þurft sitt, ræktun hefur haldið áfram og blómstrar í mörgum tegundum, áhugi almennings á hundahaldi hefur aukist til muna og hundar og hundamenning er orðin mun sýnilegri en fyrir nokkrum árum. Við að sjálfsögðu fögnum því og leggjum okkar á vogarskálarnar og leiðbeinum, ráðleggjum og erum til staðar fyrir þá sem til okkar leita sem félagsmanna, ræktenda og hundaáhugafólks. Það hefur verið dásamlegt að sjá og mæta öllu því hundafólki sem nýtt hefur tímann á þessu ári til útivistar og samveru með sínum bestu vinum, og hvað samfélag hundeigenda hefur vaxið á undanförnum árum.

Það er miður að Sámur hefur ekki getað komið út á prenti á þessu ári, en fyrir því eru einfaldlega gildar ástæður sem þarf ekki að fara nánar út í hér. Ritnefnd lagði ekki niður árar heldur þvert á móti var ákveðið að gera þessi blöð jafn vel úr garði og hin fyrri. Tvær sómakonur, þær Guðbjörg Guðmundsdóttir og Inga Björk Gunnarsdóttir, sögðu skilið við ritnefndarstörfin, að minnsta kosti í bili, eftir ötula og dýrmæta vinnu til margra ára. Þökkum við í ritnefnd þeim innilega fyrir vel unnin störf og óskum þeim alls hins besta með vissu í hjarta að til þeirra megi leita ef á þarf að halda.

Það er það sem er svo dýrmætt í okkar góða félagsskap, fólk getur leitað til hvers annars og fengið ráðleggingar, leiðbeiningar og stuðning. Að minnsta kosti er það þannig sem við viljum hafa það, sé það ekki þannig er eitthvað sem þarf að plástra og umvefja svo betur megi fara. Við erum miklu sterkari saman og það höfum við sýnt svo margoft í gegnum tíðina.

Sámur er með ýmislegt á boðstólnum fyrir ykkur kæru félagsmenn að þessu sinni. Það er mikið af nýjum félagsmönnum í félaginu sem við reynum að höfða til, auk þess sem hinir reyndari og eldri hafa gaman af að dusta af sér rykið í ákveðnum atriðum er lúta að hundahaldi. Í blaðinu má finna reynslusögur, viðtöl við ræktendur og þjónustuaðila, góð ráð, þýddar vísindagreinar og tegundakynningu svo eitthvað sé nefnt.

Hátíð ljóss og friðar er framundan, ró, friður og notalegheit er óskandi fyrir alla. Okkar bestu vinir þurfa áfram á okkur að halda og við þurfum á þeim að halda. Munum nú sem fyrr eftir því að gera ráðstafanir hvað varðar öryggi og líðan hundanna okkar í kringum jól og áramót. Veitum þeim það sem þeir þurfa, það er á okkar ábyrgð.

Ritstjóri og ritnefnd Sáms þakka hjartanlega öllum þeim sem hafa komið að útgáfu blaðsins. Það er svo gott að finna meðbyrinn þegar við í ritnefnd leitum til ykkar, það kunnum við þeim sem lögðu okkur lið bestu þakkir fyrir. Allar tillögur og ábendingar eru velkomnar í gegnum netfangið samur@hrfi.is.

Að lokum vil ég óska ykkur öllum gleðilegrar hátíðar og óska þess að þið eigið gæðastundir með ykkar bestu vinum, hundunum, fjölskyldu og öðrum vinum.

Með kærri jólakveðju;
Svava Björk Ásgeirsdóttir, ritstjóri.

Fyrirlestur með Pieter Oliehoek

ERFÐAFJÖLBREYTILEIKI

Helgina 25.-27.október árið 2019 var haldin árleg ráðstefna ISIC – ICELANDIC SHEEPDOG INTERNATIONAL COOPERATION, í Skálholti. Pieter Oliehoek hélt þar fyrirlestur í boði ISIC, fyrir fulltrúa aðildarlandanna, sem eru 11 talsins. Fyrirlesturinn og annað í tengslum við komu Pieters hingað til lands var styrkt af menntamálaráðherra og fyrir tilstuðlan Lilju Dóru Halldórsdóttur, velunnara íslenska fjárhundsins, fékkst einnig styrkur frá Lykli fjármögnun hf.

Fyrirlesturinn var ekki eingöngu í boði fyrir ráðstefnugesti, félagsmönnum DÍF og öðru áhugafólki um íslenska fjárhundinn var sérstaklega boðið að koma og hlusta á fyrirlestur Pieters og kynna sér „Dogs Global" sem er gagnagrunnur sem heldur utan um erfðafjölbreytileika fjölmargra hundategunda og stöðu stofna hvarvetna í heiminum.

Pieter er erfðafræðingur sem sjálfur hefur átt íslenska fjárhunda og leggur áherslu á viðhald erfðabreytileika og í þeim tilgangi útreikninga á svokölluðum *mean kinship* en með þeim útreikningum er hægt að bera kennsl á þá hunda sem leggja af mörkum til erfðafjölbreytileika íslenska fjárhundsins. Því lægri sem *mean kinship* stuðullinn er því erfðafræðilegra mikilvægara er dýrið.

Að mati viðstaddra var verðmætt að bjóða upp á þennan fyrirlestur og fá góðar leiðbeiningar erfðafræðings til að halda hundakyninu heilbrigðu með vísindalegri nálgun á ræktun.

Hér á eftir má finna grein eftir Helle Friis Prochowsky sem Silja Unnarsdóttir dýralæknir þýddi fyrir Sám.

TEXTI: HELLE FRIIS PROCHOWSKY, MEÐ LEYFI DKK.
ENSK ÞÝÐING: INGBRITT SANNEL.
ÍSLENSK ÞÝÐING: SILJA UNNARSDÓTTIR, DÝRALÆKNIR, ÞÝTT MEÐ LEYFI HÖFUNDA. SÁMUR ÞAKKAR GUÐRÍÐI ÞORBJÖRGU VALGEIRSDÓTTUR KÆRLEGA FYRIR VEITTA AÐSTOÐ.
MYNDIR: LINDA BJÖRK JÓNSDÓTTIR

Danski kennel klúbburinn, DKK, hélt í mars 2019 námskeið með danska Kooiker klúbbnum um erfðafjölbreytileika/fjölbreytni í hundastofnum. Þetta er málefni sem margir ræktendur hafa áhyggjur af og mikill fjöldi mætti á námskeiðið. Aðal fyrirlesturinn var haldinn af Pieter Oliehoek og í lok hans kom Helle Friis Proschowsky og gaf fyrirlestrinum danska yfirsýn.

Hundurinn var fyrsta dýrið sem mannkynið húsvandi. Forfeður okkar voru snemma meðvitaðir um það hvernig hundar geti verið gagnlegir, og margar mismunandi týpur eða „tegundir" voru búnar til. Kynslóð eftir kynslóð höfum við ákveðið hvaða einstaklingar fái að gefa gen sín áfram til næstu kynslóðar. Þetta hefur gefið okkur fullt af frábærum tegundum, en með þessu hefur einnig tapast mikilvægur erfðafjölbreytileiki – eða fjölbreytni. Við vitum núna að erfðafjölbreytileiki er mikilvægur fyrir almenna heilsu og frjósemi hundakyns. Fjölbreytileikinn, þegar hann tapast, er óafturkræfur og mun ekki nást inn aftur nema með aðkomu annarra hundategunda. Vegna þessa er mikilvægt fyrir alla ræktendur að vita hvernig á að gæta og viðhalda þeim erfðafjölbreytileika sem til er í tegundinni. Fjöldi einstaklinga, stærð stofnsins, segir okkur ekki endilega mikið um hversu mikill erfðafjölbreytileiki er eftir í tegundinni. Til að vita nákvæmlega hversu mikill fjölbreytileiki er í tegund þarf að nota tölvuforrit eða fara með DNA sýni í rannsóknir.

Ættbókar gögn

Áhugi Pieter Oliehoeks á erfðafjölbreytileika byrjaði þegar hann stundaði nám við líffræði og byrjaði að vinna próf verkefni. Þar sem að hann átti íslenskan fjárhund lá beint við fyrir hann að skoða tegundina nánar. Í gegnum miklar greiningar af ættbókargögnum, gat hann sýnt fram á að stofninn samanstóð af fáum fjölskyldum eða blóðlínum. Hann sýndi einnig fram á að þessar fjölskyldur væru ofríkjandi í mörgum löndum Evrópu og vísað hefur verið í vinnu hans fjölmörgum sinnum í tímaritum íslenskra fjárhunda í mismunandi löndum. Niðurstöður rannsóknar hans er ekki hægt að finna með venjulegum ættbókar rannsóknum, líkt og margir ræktendur gera í dag að sjálfsögðu. Það sem þarf er að hafa aðgang að gögnum sem spanna alla leið til upphafs tegundarinnar sem slíkrar. Engu að síður hefur niðurstaða hans haft mikil áhrif á það sem þú býst við ef þú til dæmis ákveður að koma „nýju blóði" í ræktun þína. Pieter sagði að eitt sinn hafði hann keypt íslenska fjárhundstík frá Íslandi sem væntanlega ræktunartík, og hélt hann að hún innihéldi ,,eitthvað nýtt" en fann út að svo var alls ekki. Hann hefði allt eins getað keypt tík frá Danmörku eða Þýskalandi því hún var af einni af fjölskyldulínunni sem þegar var ríkjandi í Evrópu.

Stofnhundarnir – fyrstu hundarnir í tegundinni

Þegar Pieter skrifaði sína mastersritgerð auðkenndi hann langa sögu vandamála tengda tapi á erfðafjölbreytileika, en hafði engar lausnir. Samkvæmt honum var það mjög óásættanlegt þegar hann hélt fyrirlestra fyrir ræktendur og tegundarklúbba. Hann ákvað að halda áfram með vinnuna í Ph.D. verkefninu sínu og stofnaði fyrirtæki sitt ***„Dogs Global“***. Núna þegar Pieter flytur sína fyrirlestra leggur hann fyrir þrjár lausnir, en meira um það síðar. Til að skilja vinnu Pieter þarftu fyrst að skilja hugtakið stofnhundur (e. „founder“). Orðið stofnhundur er notað um þá einstaklinga sem voru upphafið að tiltekinni tegund. Stofnhundar eru skilgreindir sem verandi óskyldir og allir einstakir hundar í tegundinni geta rakið ættir sínar aftur til eins af þessum upprunalegu hundum. Pieter Oliehoek sagði að tegund geti aldrei haft meiri fjölbreytileika en þann sem var til í stofnhundunum. Ef ættbókarskráning nær nógu langt aftur er hægt að reikna út hversu mikið af erfðaefni stofnhunda er enn hægt að finna í tegundarstofninum. Pieter kallar þetta FGS (Founder Genome Surviving) eða FGE (Founder Genome Equivalent) og til að auðvelda hlutina reiknar hann þessi hlutföll inn í einstaklinga.

Of ríkjandi forfeður

Hugtakið genamengi er notað yfir heildar magn erfðaefnis í einstaklingi. Ef t.d. tegund hófst með fjórum hundum, þá eru í raun fjögur genamengi til staðar í upphafi. Ef allir fjórir upphafshundarnir gáfu vel af sér af afkomendum í næstu kynslóðum mun allt erfðaefnið – genamengi allra fjögurra stofnhunda – enn vera til staðar. FGS er þá fjórir. En það er mjög sjaldgæft. Í mörgum tegundum eru sumir stofnhundar of ríkjandi og genamengi annarra stofnhunda hefur nánast horfið. Þetta er það sem Pieter er orðinn sérfræðingur í að reikna út til þess að skilja betur erfðafjölbreytileika tegundar. Þegar hann reiknar FGE (Founder Genome Equivalent) fyrir tegund segir það okkur fjölda stofnhunda sem gætu hafa myndað núverandi kynslóð ef þeir hefðu allir fengið jafna notkun. Tegund gæti t.d. hafa byrjað með tíu stofnhundum, en ef fjórir af þeim hafi ekki skilað afkomendum í núverandi stofn þá eru þeirra línur „útdauðar“ og erfðaframlag þeirra hefur tapast. Á einfaldaðan hátt er þá hægt að segja að FGE tala tegundarinnar hafi minnkað í sex einstaklinga.

Ástæða til þess að hafa áhyggjur

Í nánast öllum tegundum ættum við líklega að hafa mun meiri áhyggjur af tapi á erfðafjölbreytileika en við gerum í dag. Vandamálið er að ástæðurnar fyrir því að tegundirnar töpuðu svo stórum hluta erfðafjölbreytileikans gerðust fyrir svo löngum tíma síðan. Þess vegna geta ræktendur í dag ekki tekið eins ákvarðanir og ræktendur gerðu áður þegar þeir pöruðu saman tvo einstaklinga. Þeir geta haldið að plönuð pörun muni ekki vera innræktun vegna þess að það eru engir sameiginlegir forfeður þrjár til fimm kynslóðir aftur. En samkvæmt Pieter Olihoek er ekki einu sinni nóg að fara aftur tíu kynslóðir til að meta innræktun. Ef nokkrir af stofnhundum tegundarinnar eru of ríkjandi í stórum hluta stofnsins mun nánast hver einasta pörun innihalda innræktun með þeim valdamálum sem því fylgir. Venjulega er sagt að innræktun valdi tapi á erfðafjölbreytileika. Það er ekki rangt – en hið gagnkvæma er einnig staðreynd – lítill erfðafjölbreytileiki veldur því að innræktun í tegundum eykst. Vandamálið er að sjálfsögðu að flest okkar eru mjög langt frá því að hafa aðgang að ættbókargögnum sem fara aftur að upphafi tegundar.

Þrjár lausnir – Pieter Oliehoek

Á fyrirlestrinum kynnti Pieter Oliehoek þrjár lausnir fyrir þátttakendum. Ein lausnin gerir ráð fyrir gríðarlegri þekkingu á ættartöflu, hinar tvær gera það ekki. Algjör grunnur er að nota eins marga einstaklinga og mögulegt er fyrir hverja pörun. Með því er hægt að tryggja að það verði nægur fjölbreytileiki í framtíðinni fyrir tegundirnar okkar. Hver einn og einasti ræktandi getur gert margt þegar hann velur hvaða hunda skal para, en ábyrgð á stefnumótun þegar kemur að því að tryggja erfðafjölbreytileika í tegund er á höndum ræktunarfélaganna. Klúbbur Íslenska Fjárhundsins *(Þá er átt við DÍF eða ISIC, kemur ekki fram, innskot þýðanda)* hefur unnið með fyrstu gögn frá Pieter í næstum 20 ár og hefur m.a. leitað að hundum með „sjaldgæf gen“ með auglýsingum . Þeir leituðu að mögulegum ræktunarhundum sem voru fulltrúar þeirra lína sem voru nær útdauðar. Klúbburinn er stanslaust að vinna að þessu málefni og daginn eftir fyrirlesturinn buðu þau Pieter að halda námskeið með fókus á eigin tegund.

- ***Mean Kinship* eða meðal skyldleiki**
  Þessi aðferð krefst aðgangs að ættbókargögnum fyrir tegundina alla leið aftur að stofnhundum ef mögulegt á heimsvísu. Með aðstoð sérstaks tölvuforrits er hægt að reikna út meðal skyldleika hvers hunds samanborið við alla aðra hunda í tegundinni. Byggt á stærð þessa skyldleika gefur Pieter þeim litakóða, s.s. grænan, gulan eða appelsínugulan. Grænir hundar eru mjög lítið skyldir restinni af stofninum. Þeir tákna því „sjaldgæf gen“ sem er mikilvægt að varðveita með því að nota hundinn í ræktun. Gulir hundar er meðal skyldir restinni af stofninum og það er einnig fínt að nota þá. Til þess að koma í veg fyrir að skilningurinn sé „alveg stop“ þá notar Pieter litinn appelsínugulan frekar en rauðan fyrir þá hunda sem eru mjög skyldir restinni af stofninum. Það má vel vera að það séu góðir eiginleikar sem slíkur hundur getur borið sem gefur jákvæða hluti til stofnsins. En í grunninn eru appelsínugulu hundarnir svo skyldir restinni af tegundinni að mikil notkun á þeim mun hækka innræktunarstuðulinn í tegundinni.
- **Eitt stakt got**
  Margar tegundir hafa mismunandi ræktunarkröfur sem ræktunarhundar geta þurft að standast fyrir ræktun. Mikilvægasta ástæðan fyrir því að hundur hafi ekki verið notaður í ræktun er almennt að hundurinn búi hjá fjölskyldu sem hefur ekki hugsað sér að rækta. Þetta er eitthvað sem hundaræktarfélögin og tegundarklúbbarnir þurfa að reyna að breyta með því að hvetja til þess sem Pieter kallar eitt stakt got. Það er betra fyrir erfðafjölbreytileika tegundar að fleiri mismunandi hundar eignist eitt stakt got í stað þess að gotin komi flest frá færri ræktunarhundum. Þetta gildir bæði fyrir rakka og tíkur og ræktendur geta hjálpað til við að sjá til þess að fjölskylduhundar geti lagt sitt af mörkum til tegundarinnar. Hérna varar Pieter einnig við þeirri tilhneigingu í mörgum löndum að hundarnir séu reglulega gerðir ófrjóir á unga aldri.
- **Tegundarblöndun – *„cross breeding“***
  Síðasta lausn Pieters er að blanda annarri tegund inn í stofninn. Á þann hátt er hægt að fá nýjan stofnhund og þ.a.l. nýtt erfðaefni inn í tegundina. Það er mikilvægt að hugsa slíkt vel út áður en farið er í slíkt verkefni. Ef tegundarblöndunar verkefnið er ekki nákvæmlega skipulagt eða ef ekkert er gert í næstu kynslóð til að viðhalda þessum nýja fjölbreytileika í stofninum hverfa áhrifin hratt.

Dagur ÍSLENSKA FJÁRHUNDSINS

Undanfarin ár hefur ötull vinnuhópur staðið að því að halda hátíðlegan dag íslenska fjárhundsins þann 18. júlí. Í undirbúningi fyrir daginn hvatti vinnuhópurinn eigendur til þess að deila sögum og myndum af þeirra ferfættu vinum á tímum samkomutakmarkanna. Heimsfaraldur hefur haft áhrif á flest alla á einhvern hátt og félagsskapurinn sem hundarnir veita okkur er ómetanlegur. Margar sögur um nærveru þessa einstöku vina dreifðust um internetið þar sem fólk gerði þjóðarhundi Íslendinga hátt undir höfði fyrir þá hlýju og vináttu sem þeir höfðu veitt fólkinu sínu á erfiðum tímum.

HÖFUNDUR: SUNNA DÍS JENSDÓTTIR
MYNDIR: ÁGÚST ÁGÚSTSSON

Þó var ekki þar við setið því á sjálfan hátíðisdaginn kom fólk saman og gerði sér glaðan dag með hundunum sínum hérlendis og víðar. Má þar nefna að í Skagafirði hittust eigendur íslenskra fjárhunda í Glaumbæ og nutu notalegrar stundar og á Selfossi fjölmenntu stoltir eigendur í göngu. Þá tóku íslenskir fjárhundar höndum saman við víkinga og heilluðu gesti á sögusafninu Vikingeborger Trelleborg í Danmörku og eins hittust unnendur íslenska fjárhundsins í Nyköping í Svíþjóð.

Íslenskir fjárhundar heimsóttu einnig Árbæjarsafnið í Reykjavík og tóku á móti klappi og knúsi frá forvitnum gestum. Þá sýndu þeir einstakt vinnueðli sitt og tengingu við eigendur í rallý-hlýðnibraut í umsjón Þórhildar Bjartmarz hundaþjálfara.

Einnig hélt Sóldís Einarsdóttir málverkasýningu á Árbæjarsafninu á sama tíma þar sem hún hafði til sýnis falleg málverk af íslenska fjárhundinum.

Dagurinn var vel hepnaður og skemmtilegur og nutu eigendur þess að halda daginn hátíðlegan fyrir sína bestu vini. Vinnuhópurinn hefur haldið úti fésbókarhópi fyrir daginn sem ber nafnið Dagur íslenska fjárhundsins 18. júlí og þar rigndi inn hamingjuóskum víðsvegar að með skemmtilegum myndum af þessum fallegu hundum.

ROYAL CANIN®
INCREDIBLE IN EVERY DETAIL

Tegundarkynning

COTON DE TULÉAR

TEXTI: SIGRÍÐUR MARGRÉT JÓNSDÓTTIR
MYNDIR: CAROLIN GIESE

UPPRUNI

Tegundin á uppruna sinn að rekja til 16. aldar á Madagaskar sem er stór eyja fyrir utan austurströnd Afríku. Þar er hans fyrst minnst sem tegundar sem talin er að hafi borist til landsins í kjölfar skipsreka. Þar tekur Merina ættbálkurinn ástfóstri við tegundina og innan tíðar er hún orðin uppáhald aðalsins á Madagaskar, og um tíma var einungis aðlinum gjört að eiga coton. Það sem heillaði aðalinn var ótrúlega sterk tenging tegundarinnar við eiganda sinn, og það er eitthvað sem eigendur tegundarinnar þekkja mjög vel.

Coton de tuléar er þjóðarhundur Madagaskar og árið 1974 var hann settur á póstkort. Nafn tegundarinnar kemur af franska orðinu fyrir bómul eða coton og Tuléar er borg á Madagaskar.

Dr. Robert Jay Russell kynntist tegundinni 1973 og kom með fyrstu hundana til Ameríku, þá voru þeir einnig fluttir inn til Frakklands með frönskum aðilum sem voru að koma til baka frá nýlendunni Madagaskar, en þeir voru ekki formlega komnir til Evrópu fyrr en árið 1970.

Cotoninn var fyrst viðurkenndur af FCI árið 1970 og ræktunarstaðall fyrir tegundina gerður árið 1972.

ÚTLIT OG UMHIRÐA

Coton de tuléar er smár en alveg einstaklega klár, með síðan og bómullarkenndan feld, frekar kringlótt dökk augu og líflega og gáfaða ásjónu. Rakkar eiga að vera 26 -28cm á herðakamb og tíkur um 23-25cm á herðakamb en heimil frávik eru 2 cm hærri og 1 cm lægri. Rakkar eiga að vera 4- 6 kg og tíkur 3,5 til 5 kg.

Feldurinn er sannarlega það sem tegundin er kennd við og þarf ákveðna umhirðu og er nauðsynlegt að koma sér upp reglu við þá umhirðu. Margir líta á það sem gæðastund með hundinum sínum að setjast og kemba yfir feldinn.

Coton de tuléar er ekki með undirfeld svo hann fer ekki úr hárum líkt og margar aðrar tegundir og veldur síður ofnæmi. Það þarf að kemba hundana reglulega en þeir losa hárin í feldinn sjálfan og úr verða flækjur. Því skiptir máli að halda feldinum hreinum og greiða nokkrum sinnum í viku, þó sérstaklega þegar þeir fara úr hvolpafeld í fullorðinsfeld. Það er um 3-6 mánaða tímabil sem getur byrjað um 6-18 mánaða og komið aftur upp úr 18 mánaða, þetta geta verið erfið tímabil að halda feldinum góðum en mikilvægt engu að síður.

Flestir sem eiga coton de tuléar raka þá eða klippa niður og halda feldinum stuttum. Þá er mun minni feldhirða en jafn mikilvægt að halda feldinum hreinum og flókalausum, því stuttur feldur flækist einnig.

SKAPGERÐ OG TILGANGUR

Tegundin tilheyrir tegundarhóp 9 sem eru selskapshundar. Það má segja að þeirra helsti tilgangur í lífinu sé að eiga gæðastundir með fólkinu sínu. Sá eiginleiki er klárlega kostur en getur líka verið glíma þegar kemur að því að þeir verði viðskila við fólkið sitt t.d. á meðan það sinnir vinnu en með góðri þjálfun næst það yfirleitt.

Þeir eru oft kallaðir trúðar þar sem þeir reyna eftir fremsta megni að vera í stanslausum samskiptum við fólkið sitt, þeir eru klárir og fljótir að læra og því

gaman að kenna þeim alls kyns trix, vinna með þeim í hlýðni eða hundafimi og jafnvel spori.

Þeir eru fjölskylduvænir hundar sem geta aðlagað líf sitt og venjur að lífi fólksins síns.

RÆKTUNARSTEFNA

Sú ræktunarstefna sem viðhöfð er hér á Íslandi er eftir staðlinum sem FCI gerði fyrir tegundina árið1972. Hundaræktarfélag Íslands hefur nýlega sett þá reglu að frá og með 1. Janúar 2021 skuli öll ræktunardýr vera augnskoðuð og hnéskeljavottuð. Auk þess hefur Smáhundadeild Hundaræktarfélags Íslands sett fram þau tilmæli að ef hundur er með hnéskeljalos eða ef einhverjar athugasemdir eru gerðar í augnskoðun þá sé parað við einstakling sem er án hnéskeljaloss eða án viðkomandi athugasemdar í augnvottorði.

Frá því að tegundin kom til Íslands hafa um 340 hundar fæðst hér eða verið fluttir hingað til lands (vantar hvolpa fædda árið 2020 og innflutta hunda inn í þá tölu).

Stofn tegundarinnar hefur stækkað einstaklega mikið síðustu fjögur árin með innflutningi nokkurra rakka sem hafa stóraukið genamengi tegundarinnar.

SKEMMTILEGAR STAÐREYNDIR

- **Í Frakklandi er hann þekktur sem "*anti stress dog*".**
- **Sem dæmi um fræga einstaklinga sem hafa átt coton eru Barbara Streisand, Debra Messing, Glenn Close, Jane Fonda, Catherine Zeta-Jones og Carrie Fisher.**
- **Íbúar á Madagaskar tala um tegundina af alúð sem grínistann eða "*konunglega hundinn*".**
- **Nátengdasta tegundin við cotoninn er bolognese frá Ítalíu.**
- **Þeir eru auðveldir í þjálfun og hafa meira að segja sumir gaman af sundi.**
- **Þeir lifa að meðaltali í 12-14 ár en elsti coton de tuléar sem vitað er um hér á landi varð 17 ára að verða 18 ára þegar hann dó.**
- **Einstaklingarnir eru eins ólíkir og þeir eru margir. Sumir eru feimnir, aðrir alltaf á útopnu. Sumir eru læðupúkar og stelast í nærfötin eða sokkana meðan aðrir myndu aldrei gera neitt slíkt. Sumir vilja sofa upp í hjá þér eða kúra upp í sófa meðan aðrir vilja fá sitt eigið bæli eða bara liggja á gólfinu. Það eru sumir sem eru einstaklega mikið á varðbergi og gelta og svo eru aðrir sem elska alla sem koma í heimsókn. Sumir borða allt og eru alltaf til í mat á meðan aðrir eru ótrúlega matvandir.**

  Það sem þeir eiga þó allir sameiginlegt er að þeir eru ótrúlega fallegir, skemmtilegir og elska fólkið sitt skilyrðislaust.

Heimildir

https://www.coton-de-tulear-care.com/Fun-Coton-Facts.html
http://fci.be/Nomenclature/Standards/283g09-en.pdf
https://en.wikipedia.org/wiki/Coton_de_Tulear
https://www.akc.org/expert-advice/lifestyle/ultimate-companion-dog-coton-de-tulear/

ALMENN UMHIRÐA

TEXTI: SVAVA BJÖRK ÁSGEIRSDÓTTIR
MYNDIR: ANNA GUÐJÓNSDÓTTIR &
SVAVA BJÖRK ÁSGEIRSDÓTTIR

FELDUR

Allar hundategundir þurfa feldhirðu og dagleg feldhirða stuðlar að vellíðan og heilbrigði. Að velja rétt áhöld skiptir miklu máli og um að gera að fá aðstoð við það val í þeim verslunum sem selja slík áhöld. Góður bursti er gulls ígildi t.d. í hárlos tímabili síðhærðra feldhunda.

- **Burstun:** Munið að bursta vel í kringum nára, eyru, læri og bringu, hætta er á að flóki myndist á þeim stöðum þar sem líkamshlutar nuddast saman. Margir sem eiga hunda með tvöfaldan feld nota hárnæringu sem hægt er að spreyja í feldinn áður en hann er burstaður, það verndar feldinn gegn sliti og óhreinindum og í sumum vörum er einnig sólarvörn.
- Þegar við erum að snyrta hundinn okkar og bursta hann förum við yfir hann allan og verðum fljótt vör við ef eitthvað óeðlilegt er í húðinni. Að sinna dýrinu á þennan hátt, í baði og í daglegri umhirðu, styrkir tengslin milli dýrs og eiganda.
- Snyrta þarf flesta hunda í kringum loppur – fer þó eftir tegundum. Þá er best að leggja skærin að loppunni og snyrta hárin undan henni. Réttu svo úr fætinum og snyrtu meðfram loppunni. Gott er að nota slétt skæri sem og þynningarskæri.
- Loðinn feldur þarfnast meiri feldhirðu daglega til að koma í veg fyrir flækjur og sumar hundategundir þarf að reyta.
- **Bað:** Sumar hundategundir þurfa örar að fara í bað heldur en aðrar. Sumar vikulega og aðrar einu sinni til tvisvar á ári. Bað er gott fyrir húð og feld hundsins og heldur óhreinindum, ólykt og hárlosi í skefjum. Ekki er mælt með því að baða hunda of ört, þá getur framleiðsla húðfitu aukist og lyktin af hundinum verður sterkari fyrir vikið. Gott ráð er að bursta öll óhreinindi úr feldinum eftir gönguferðir, eftir að hundurinn er orðinn þurr.

KLÆR

Huga þarf að því að klippa klær eftir þörfum. Hversu oft fer eftir tegund og einstaklingum, einu sinni í viku eða á 10 daga fresti. Klippa þarf að kviku, varast þarf að klippa í hana þar sem eru blóðæðar og taugar. Það á ekki að heyrast tikkhljóð í parketinu þegar hundurinn labbar á gólfinu, þá eru klærnar of langar. Nauðsynlegt er að fikta oft í loppum hvolpa og ungra hunda svo þeir venjist því að það sé í lagi að fikta í þeim á þessu svæði. Notum hrós og sköpum rólegar og yfirvegaðar aðstæður þegar við erum að þjálfa klóaklippingu með ungum hundum eða hvolpum.

TENNUR

- Gott er að bursta tennur daglega eða einu sinni í viku.
- Nota sérstök tannkrem og áhöld sem eru sérstaklega ætluð hundum.
- Venja þarf hvolpa og hunda við tannburstun svo gott er að byrja rólega og auka við smátt og smátt.
- Einnig eru til „puttatannburstar“ eða einskonar grisjur sem maður setur á vísifingur og nuddar tennur og góm. Fingurburstar úr plasti hafa líka reynst vel.
- Gott er að nota nammi sem verðlaun til hvatningar og sem hrós.
- Skapa þarf rólegar aðstæður, ekki streða og stressa að óþörfu.
- Bursta í hringi sem næst tannholdinu.

EYRU

Gott er að skoða eyru hundsins reglulega og gæta að því hvort hann sé með einkennilega lykt, útferð, roða eða eyrnamaur. Ef um sýkingu er að ræða þarf að leita til dýralæknis. Gott er að þurrka af eyrnablöðkunni reglulega, a.m.k. einu sinni í mánuði. Hægt er að kaupa sérstakan eyrnahreinsi hjá dýralækni eða í gæludýraverslunum sem mörgum finnst þægilegt. Alls ekki nota eyrnapinna eða bómull í sjálfa hlustina.

AUGU

- Sumir hundar safna meira slími en aðrir við augnkrók sem þarf að hreinsa burt.
- Tárataumar er algengt hjá sumum tegundum, ljósum hundum, og þá er hægt að hreinsa burt með sérstökum augnhreinsi.

FÓÐRUN

Það er mjög mismunandi hvaða fóður hentar hverjum hundi. Fáðu ráðgjöf hjá söluaðila varðandi val á fóðri fyrir hundinn þinn. Til eru fjöldamargar tegundir og einnig hafa sumir valið að gefa hráfæði. Varastu að offóðra hundinn þinn, það getur búið til ýmis vandamál. Flestir framleiðendur eru með viðmið á umbúðum fóðursins um hve mikið magn hundur á að fá eftir stærð og kg. Gott er að hafa ákveðna matartíma, eina morgungjöf og eina kvöldgjöf og láta ekki matinn standa í dallinum allan daginn. Ef hundurinn borðar ekki er maturinn fjarlægður og hann fær skammtinn í næstu máltíð.

ANDLEGT OG LÍKAMLEGT HEILBRIGÐI

Allir hundar þurfa sína hreyfingu sem henta þeim. Þeir þurfa að hreyfa sig til þess að losa um orku og spennu, fá útrás og leika sér. Við verðum að sjá til þess að þessum þörfum sé fullnægt og finna út hvað hentar fyrir okkur að gera með okkar hundi hvað útiveru og hreyfingu varðar. Andleg örvun er afar mikilvæg fyrir hunda og er ótal margt hægt að kynna sér og læra um hvað það varðar. Heilaþrautir, hlýðniæfingar og ýmis þrautaleikföng reynast vel og svo er hægt að skella sér í hundafimi, nosework, hlýðnivinnu, sporavinnu, veiðivinnu eða smalavinnu. Það krefst undirbúnings og um að gera að leita sér aðstoðar hjá t.d. þeirri deild sem þið tilheyrið í HRFÍ, hjá vinum með reynslu eða stökkva út í djúpu laugina og skrá sig á námskeið hjá einhverjum af þeim aðilum sem bjóða upp á slíkt.

UMHVERFISÞJÁLFUN

- Því miður er það svo að margir taka ekki alvarlega ráðleggingum um að umhverfisþjálfa hvolpa og hunda eins vel og hægt er. Hvolpar þurfa að venjast umhverfinu, fólki, dýrum, bílum og því sem leynist utan veggja heimilisins. Eldri hundar sem skortir sjálfstraust þurfa líka á umhverfisþjálfun að halda. Í raun má segja að hundar hafi alltaf gott af umhverfisþjálfun sama hvað þeir eru gamlir.
- Við grunnþjálfum hvolpana og hundana okkar og við hjálpum þeim að skoða umhverfið og upplifa ýmsar ókunnar aðstæður. Við sjáum til þess við höfum stjórn á hundinum okkar í þessum ókunnu aðstæðum.
- Þegar við erum með hunda í bíl sjáum við til þess að hafa þá í öruggu búri eða í bílbelti.
- Til eru ótal greinar og fræðsla um umhverfisþjálfun og hvetjum við ykkur til þess að fræðast og prófa ykkur áfram með ykkar hund.

Ihasa apso fyrir snyrtingu

Ihasa apso eftir snyrtingu

tilbúinn í klóaklippingu

griffon bruxellois búinn í reytingu

Ihasa apso feldur nýkburstaður

Ihasa feldur eftir bað og snyrtingu

einn ósnyrtur fótur og annar snyrtur

hælganga í hóp

Leikur í gangi


Hvolpur í baði

sunnudagsveisla

umhverfisþjálfun

Hlýðniæfing í göngutúr

ÁRLEG SKOÐUN HJÁ DÝRALÆKNI

Mikilvægt er að fylgjast vel með heilsu hundsins og reglubundin skoðun hjá dýralækni er nauðsynleg árlega. Almennt heilbrigði er metið og viðeigandi bólusetningar og ormahreinsanir framkvæmdar eftir þörfum. Það er alltaf dýrmætt að vera í góðum samskiptum við sinn dýralækni og vera með heilbrigði dýrsins í hávegum.

LEIKFÖNG

- Úrval leikfanga er orðið mjög gott hér á landi og alltaf eitthvað nýtt að bætast í flóruna. Gott er að kaupa fjölnota leikföng sem þola álag, nag og hnjask og sem hægt er að þvo. Mörg hver er hægt að fylla með hundafóðri, kæfu, lifrarpylsu eða hundanammi og það finnst flestum hundum gaman og gott að dunda sér við að sleikja og naga.
- Allir hundar þurfa að leika sér og hægt er að leika með bolta, frisbí, flotbolta, og ýmis togleikföng svo fátt eitt sé nefnt.

TAUMAR, ÓLAR OG BEISLI

- Fyrir göngutúrinn er nauðsynlegt að eiga hálsól og góðan taum. Taumar eru mislangir, gott er að eiga tvær stærðir, einn styttri til að þjálfa hælgöngu og annan lengri þegar leyfa á hundinum að vera frjálsari og snuðra svolítið í leiðinni, einnig fyrir sporavinnu.
- Ólar ættu ekki að herða um of að hálsi né skerast inn í háls dýrsins. Margar ólar eru bólstraðar sem gott er að notast við.
- Margir vilja nota beisli í göngutúrum en aðrir vilja ekki sjá þau. Það verður hver að meta fyrir sig. Þeir sem komast upp á lagið með að nota beislin vilja oft ekki sjá neitt annað.
- Það er um að gera að fara á stúfana og skoða það sem er í boði í gæludýraverslunum, úrvalið er orðið mjög mikið hér á landi af góðum vörum sem bera hag og heilsu hundanna í fyrirrúmi.

BÆLI OG BÚR

- Til eru ótal útgáfur af bælum, bæði stórum sem smáum, loðnum, upphækkuðum með gúmmíbotni og svo mætti lengi telja. Best er ef hægt er að þvo utan af þeim eða í heilu lagi svo endingin sé betri. Sumir hundar elska að kúra í bæli á meðan aðrir nota þau aldrei og koma sér fyrir undir borði, uppi í sófa eða við útihurð til að fá smá kælingu.
- Búr hafa alltaf verið „milli tannanna á hundafólki“ og mismunandi hvað fólki finnst um þau. Til eru plastbúr, grindarbúr og mjúk taubúr. Flestir hundar sem eru aldir upp við að nota búr elska búrið sitt því það er þeirra griðastaður, þeirra örugga herbergi þar sem þeir frá frið frá því sem er í gangi. Aldrei er mælt með að skilja unga hunda og hvolpa eftir lausa þegar þeir eru einir heima, þess vegna er búr tilvalinn staður þar sem hundurinn er öruggur. Sumir nota líka mikið grindur eða barnaöryggishlið til að stúka af svæði á heimilum þar sem hundurinn getur verið öruggur á sínu svæði.

GERÐU HUNDINN ÞINN HAMINGJUSAMAN

MEÐ MIKLU MAGNI AF FERSKU KJÖTI

1,27 kg
ferskt kjöt

í 1 kg af þurrfóðri

GERÐU SAMANBURÐ! PANTAÐU PRUFU: 862 69 69 | PALTINUM@PLATINUM.IS | WWW.PLATINUM.IS

ræktandinn

ORKU RÆKTUN

BIRNA SÓLVEIG KRISTJÓNSDÓTTIR OG KRISTINN HÁKONARSON

ISCh Orku Vetrar Tvenna

Það vekur eftirtekt þegar kraftmikið og samheldið fólk sameinast í áhugamáli sínu. Þau Birna Sólveig Kristjónsdóttir og Kristinn Hákonarson eru fólkið á bak við Orku ræktun. Hundar í þeirra eigu og úr þeirra ræktun hafa verið sigursælir á undanförnum árum á sýningum HRFÍ og klifið örugglega upp listann yfir stigahæstu ræktendur ársins síðastliðin ár. Þau rækta border collie hunda og german klein spitz. Birna og Kristinn, eða Kiddi, eins og hann er kallaður, búa að Fákaflöt í Vestur – Landeyjum og una hag sínum vel með börnum sínum, hundum og hestum. Að eigin sögn eru hundarnir og hestarnir ástríða hjá þeim báðum, lífsstíll sem öll fjölskyldan hefur tileinkað sér.

Þau hafa bæði verið viðloðandi hunda og dýr frá blautu barnsbeini og þegar leið þeirra lá saman þá lá beinast við að eignast hund og má með sanni segja að sá draumur þeirra hafi heldur betur ræst.

TEXTI: SVAVA BJÖRK ÁSGEIRSDÓTTIR
MYNDIR: CAROLIN GIESE & BIRNA SÓLVEIG KRISTJÓNSDÓTTIR

Hvernig og hvenær vaknaði áhugi ykkar á hundum?

Ég, Birna Sólveig, eignaðist minn fyrsta hund þegar ég var 16 ára gömul. Þá flutti ég að heiman. Sá hundur var blanda af border collie og þýskum fjárhundi, síðan fékk ég mér tvo siberian husky hunda nokkrum árum seinna og gekk í Hundaræktarfélag Íslands.

Á mínu æskuheimili var ekki möguleiki á að eiga hund þannig að ég gekk í hús og fékk að fara út að labba með hunda, líklega hef ég labbað með flest alla hunda á Hornafirði á þessum árum frá því ég var sex ára og upp úr. Ég var alltaf kölluð hundastelpan.

Birna segist alltaf hafa verið mikil dýramanneskja og að hún hafi snemma fundið fyrir ró og vellíðan í kringum dýrin sem hefur haft sitt að segja með það val hennar að hafa dýr í sínu lífi. Það sama má segja um Kristinn.

Kristinn var ávallt í sveit á sumrin þar sem voru hundar og hann átti mjög auðvelt með að tengjast dýrunum. Hann keypti sér sinn fyrsta hund árið 1989 og það var þýskur fjárhundur, alla tíð síðan hefur hann átt hunda. Kristinn byrjaði að rækta enskan springer spaniel og ameríska cocker spaniel upp úr 1990 svo að hans reynsla af ræktun er orðin ansi löng ef allt er talið með.

ISJCh Orku Vonar Birta

Hver er ykkar saga í hundunum?

Þegar við kynnumst fyrir 12 árum síðan þá átti Kiddi eina border collie tík sem var blönduð, það var yndisleg tík i alla staði. Við fluttum í Eyvindarmúla árið 2009 og vorum þar með fé og hross. Þar sem Kiddi telur sig mjög sporlatan varð hann að eignast góðan vinnuhund. Brekkurnar voru háar í Eyvindarmúla, mikið fjalllendi erfitt yfirferðar. Við leituðum að fjárhundi hérna heima en ekki var um auðugan garð að gresja, og við vildum finna hund með ættbók frá HRFÍ. Það varð því úr að við fluttum inn okkar fyrsta border collie hund árið 2013 en það var hann Astra Polar, kóngurinn okkar, og þá var ekki aftur snúið.

Hvers vegna heillist þið af ykkar tegundum?

Border collie hundar henta okkur og okkar lífsstíl afbragðs vel. Hann tikkar í öll boxin hjá okkur ef svo má segja. Þetta er frábær vinnuhundur og yndislegur heimilishundur. Hann þarf örvun, ást og umhyggju eins og aðrir hundar og sé hans þörfum sinnt fær maður það margfalt til baka.

Áhugi okkar á german klein spitz vaknaði árið 2015 þegar við fórum á sýningu í Svíþjóð og sáum tegundina í dómhring þar. Það var eitthvað við þá sem heillaði okkur upp úr skónum um leið. Okkar fyrsti klein fæddist árið 2016 og kom til landsins í byrjun árs 2017. Við höfum síðan þá flutt inn tvær tíkur og tvo rakka. Þetta er tegund sem höfðar til flestra, duglegir og heilbrigðir þó litlir séu og frábærir kúrufélagar. Þeir eru ennfremur mjög duglegir og vinnusamir,

Góður dagur í sveitinni

koma með okkur i hesthúsið og fjallgöngur alveg eins og border collie hundarnir.

Aðspurð um ástæðurnar fyrir því að þau völdu að fara út í ræktun segir Birna vera einfalda.

Kiddi er með sjúkdóm sem heitir ræktunarsýki, það byrjar þannig að hann á 5 börn sem vitað er af, svo bætast við hestarnir, hundarnir, dúfurnar. Það mætti segja að það sé heppni að við eigum bara einn kött sem er geldur. Eins og áður sagði hafði Kiddi fyrri reynslu af ræktun á spaniel hundum og þetta einhvernveginn bara átti að vera svona þegar við byrjuðum okkar hundahald.

Fyrsta border collie gotið okkar fæddist árið 2014 og síðan þá hefur boltinn rúllað, við höfum flutt inn 12 border collie hunda á þessum 7 árum og fyrsta klein gotið okkar fæddist okkur árið 2018.

Hvernig varð ræktunarnafnið ykkar til?
Það var nú þannig að við keyptum þetta ræktunarnafn af barnsmóður Kidda og okkur fannst það mjög viðeigandi fyrir okkar tegund.

Setjið þið ykkur markmið í ræktuninni eða gerið þið áætlanir langt fram í tímann?
Við reynum að gera það já, en áætlanir geta breyst mjög hratt. Við fengum t.d. lánaðan rakka fyrir ári síðan og þá urðu fleiri got hjá okkur en við höfðum ráðgert það árið. Við vildum einfaldlega nýta okkur þessa frábæru blóðlínu sem við fengum að láni.

Hvað er að ykkar mati það mikilvægasta sem nýir ræktendur ættu að hafa í huga bæði almennt og í ykkar tegund sérstaklega?
Að okkar mati er mikilvægast að hafa ræktunarmarkmið og vita hvert þú ert að stefna.

Við teljum mikinn mun á því að rækta eða vera með got. Þar sem við erum með unga ræktun þá lesum við okkur mikið til og leitum ráða hjá okkur reyndara fólki, við teljum mikilvægt að hlusta á hvað aðrir segja en fylgja okkar tilfinningu og hjarta.

Á hvað leggið þið persónulega mesta áherslu á í ræktuninni?
Við leggjum mesta áherslu á að para heilbrigða einstaklinga saman með gott geðslag.

Við mjaðmamyndum alla okkar hunda, augnskoðum og dna prófum hundana við öllum sjúkdómum í okkar tegund sem hægt er að dna prófa fyrir. Þetta er okkar val fyrir okkar ræktun en þetta er ekki nauðsynlegt. Einnig finnst okkur mjög mikilvægt að hafa hundana tegundartýpíska í útliti og að vinnulínan sé vinnusöm.

Að sögn Birnu skiptist ræktun á border collie hundum í tvær línur, vinnulínu og sýningarlínu. Vinnulínan, sem kemur að mestu leyti frá Bretlandi, hefur mikið og sterkt fjárhundaeðli og í sýningarlínunni er minna um það mikla eðli.

Það hefur okkur þótt erfiðast að rækta fram, alvöru fjárhundaeðli í sýningarlínunni. Það á að vera aðalsmerki tegundarinnar. Við höfum verið heppin með ræktandann okkar erlendis, Kristof hjá Lucky for You ræktuninni, hann hefur hjálpað okkur ómetanlega í því sem við erum að gera. Við höfum bæði keypt af honum góða hunda og eins fengið lánað hingað til lands.

Hvernig fóður eruð þið að nota fyrir hundana ykkar og hvers vegna?
Við höfum prófa ýmislegt en núna erum að nota fóður frá Royal Canin fyrir hundana okkar og olíur frá Heiðarspor. Þetta hefur komið vel út hjá okkur, fallegur feldur og heilbrigðir hundar. Bæði fyrirtækin hafa veitt okkur frábæra þjónustu sem við erum þakklát fyrir.

Talið berst að árangri í ræktun. Hvaða augnablik eða atvik standa upp úr enn sem komið er?
Það er alltaf gaman þegar gengur vel á sýningum en það eru líka aðrir hlutir sem ræktendur mega vera stoltir af. Við erum mjög stolt af því að hafa verið fyrst til þess að taka svokallað Fjárhundapróf HRFÍ (Herding working test). Árið 2016 fórum við í það próf með tvo hunda í okkar eigu og stóðust báðir prófið. Við fórum með ISCh Astra Polar og Beutiful Mist. Þetta var augnablik sem við vorum mjög ánægð með og situr sterkt í minningunni.

Það er líka ákaflega gaman að hafa verið með stigahæsta border collie árin 2015, 2016, 2017, 2018 og 2019. Árin 2018 og 2019 var það tík úr okkar ræktun og það er alltaf gaman þegar hundi úr manns eigin ræktun gengur

ISCh Orku Icelandic Black Liquorice

USCh Jollypaws Retribution „Snap“

ISJCh Orku Vonar Birta

ISCh Amorella

C.I.B. ISCh RW-16 RomCh Lucky For You Dark Side Of The Sky „Dark“

ISCh Lucky For You Soul With Orku

svona vel á ræktunarsýningum.

Þar sem við tilheyrum Fjár- og hjarðhundadeild er gaman að segja frá því að við vorum heiðruð fyrir að vera stigahæsti ræktandinn árið 2019, jöfn að stigum við Gunnarsholtsræktun.

Þegar litið er til baka yfir þennan stutta tíma sem við höfum verið í þessu saman þá var ótrúlega gaman að eiga besta hvolp sýningar árið 2019 þegar german klein spitz hvolpur frá okkur bar sigur úr býtum og eins þegar við áttum annan besta hvolp sýningar sem var border collie.

Hvað hafið þið ræktað marga íslenska og alþjóðlega meistara?
Við höfum ræktað þrjá ungliðameistara og fjóra íslenska meistara. Okkur hefur ekki tekist að fá mikið af hvolpakaupendum okkar á sýningar, en stutt er þó vonandi í að tveir þeirra klári alþjóðlegan meistaratitil sem verður án efa ánægjulegt. Kannski náum við að koma fleirum af okkar hvolpeigendum inná sýningar hjá HRFí í framtíðinni en það verður tíminn bara að leiða í ljós.

Hvaða hundur eða hundar úr ykkar ræktun finnst ykkur bera af öðrum?
Það er alltaf erfitt að gera upp á milli þeirra en við erum virkilega stolt af henni Orku Icelandic Black Liquorice, Moskvu, hún er svo flottur fulltrúi tegundarinnar, frábær sýningartík með gott fjáreðli. Einnig má segja það sama um þau Orku Georgio Armani, Orku Vetrar Tvennu og Orku Vonar Birtu.

Hvaða hundur eða hundar hafa, að ykkar áliti, haft mest áhrif á stofninn hér á Íslandi?
Þar sem við þekkjum ekki stofninn mikið þá teljum við að Azi frá Heimsendaræktun hafi gert góða hluti í ræktuninni, einnig Vír frá Heimsendaræktun. Þessir hundar voru innfluttir á árum áður.

Í dag teljum við hann Dark, Lucky For You Blue Dark Side Of The Sky, sé að gera mikið fyrir okkar ræktun. Dark hefur gefið okkur virkilega góðar tíkur.

Hvaða þættir skipta ykkur máli þegar þið ert að hugsa um að para saman tík og rakka? Hafið þið einhvern tímann verið efins um pörun en samt ákveðið að slá til?
Við leggjum mikla áherslu á geðslag og heilbrigði,við reynum því að velja hunda saman sem við teljum að geti bætt upp kosti og galla hvors annars. Öll okkar got eru gerð með því markmiði að við séum að reyna að búa til móður- og föðurbetrunga.
Allir okkar hundar sem við höfum hug á að rækta undan hafa fengið ræktunardóm.

Við erum alveg viss um það að við höfum öll gert pörun sem við erum ekki alveg sannfærð um. Stundum þarf bara að hrökkva eða stökkva, ræktun er alltaf áhætta og maður stendur og fellur með þeim ákvörðunum sem maður tekur.

Hvernig veljið þið hvolp til að halda eftir, að hverju leitið þið og á hvaða aldri fer valið fram? Notið þið einhverjar sérstakar aðferðir við valið?
Valið er nánast við fæðingu. Endanleg ákvörðun er ávallt tekin 6-8 vikna. Við horfum mikið á höfuðlag, það byrjar þar, en þegar vinnuhundarnir eru valdir þá er farið með hvolpana 6-7 vikna og styrkur eðlisins skoðaður í kringum kindur.

Þegar þið alið upp got, hvernig finnst ykkur best að ala það upp? Notið þið svipaðar aðferðir í hvert sinn eða er það breytilegt?
Við ölum hvert einasta got upp eins. Við erum dugleg að kjassast i þeim, sýna þeim nýja hluti, tökum þá í bíltúr og reynum að örva þá í leik.

Eigið þið einhver góð ráð til annarra ræktenda?
Standið með sjálfum ykkur, lesið ykkur vel til og verið ófeimin við að leita ykkur ráða.

Birna segir að þau séu afar þakklát fyrir þau forréttindi að lifa og starfa með dýrum á hverjum degi. Það er ýmislegt sem gert er til þess að halda hundum heimilisins í formi.

Alla daga er eitthvað verið að gera með þeim. Það er farið út að hjóla, synda, farið í fjallgöngur. Fjárhundarnir eru þjálfaðir í kindum sirka fjórum sinnum í viku. Við reynum einnig að vera dugleg að umhverfisþjálfa hundana, þar sem við búum i sveit. Ávallt þegar farið er af bæ er slatti af hundum með í för og göngutúr tekinn einhversstaðar í margmenni.

Eins og áður hefur verið minnst á eru Birna og Kiddi mjög áhugasöm um að vinnueðli hundanna sé nýtt eins og best verður á kosið. Sjálf eru þau mjög öflug í þjálfun og vinnu. Hvaða vinnu eruð þið að stunda með hundana ykkar?

Á haustin er hluti af þeim notaður daglega í smölun á fé. Við smölum okkar kindum og einnig fer Kiddi á milli bæja að hjálpa bændum að sækja fé sitt. Það er oft mikið að gera á haustin.

Við höfum ekki farið í hlýðni, spor eða hundafimi en það væri virkilega gaman að spreyta sig í slíkri vinnu. Hins vegar fá allir okkar hundar þjálfun og örvun í kringum fé til að reyna að ná fram sínu rétta eðli. Kiddi hefur farið erlendis á námskeið og leitað sér mikillar þekkingar í kringum tamningu fjárhunda sem hefur nýst okkur tvímælalaust vel. Kóngurinn okkar, hann Astra Polar hefur verið okkar besti kennari og var hann fyrsti fjárhundurinn sem við fluttum inn. Núna eru barnabörn hans að taka við keflinu.

Hvernig ber fólk sig að sem á fjárhund og langar til að kenna honum að nota eðli sitt?
Við erum félagar í Fjár – og hjarðhundadeild HRFÍ sem hefur verið dugleg að leiðbeina þeim sem leita til þeirra, og við höfum alltaf verið boðin og búin að aðstoða sé leitað til okkar. Þeir sem eiga fjárhund og langar að athuga hvernig eðlið er alltaf velkomið að hafa samband við okkur. Í byrjun þjálfunar á fjárhundi er betra að hafa þjálar kindur sem hlýða hundi. Við mælum með því að fólk fái einhvern með reynslu til að leiðbeina sér, þetta er ekki eitthvað sem fólk á að gera upp á eigin spýtur.

Er einhver önnur vinna eða hundasport sem ykkur finnst spennandi og langar til að prófa?
Að okkar mati er flyball mjög spennandi ,við gleymum okkur oft yfir því þegar við förum á Crufts í Bretlandi, hundafimi gæti líka verið eitthvað sem við gætum hugsað okkur að kynnast betur.

Hvað finnst ykkur skipta máli þegar fólk býr með fleiri en einum hundi? Hvað þarf að hafa í huga?
Það sem við teljum að mikilvægast sé þegar fleiri en einn hundur er á heimili er að það sé agi og virðing. Hver hundur þarf alltaf sinn tíma og örvun. Okkur finnst mikilvægt að hundarnir finni ró og líði vel. Þá ættu hlutirnir að ganga upp fyrir alla.

Eruð þið ánægð með þróun ræktunar á ykkar tegundum eða finnst ykkur að ræktendur mættu huga betur að einhverjum atriðum varðandi hana?
Við erum ánægð með þróunina í border collie hvað okkur varðar, en við myndum vilja sjá meiri samstöðu á milli ræktenda, að fólk geti látið tegundina njóta vafans en ekki eigin hagsmuni. Það er eitthvað sem við myndum vilja sjá meira af í okkar ágæta félagi. Framtíð félagsins er björt en við getum gert enn betur með því að standa betur saman og hjálpast meira að.

Eigið þið einhverjar óuppfylltar óskir um framtíð ræktunar ykkar eða tegundarinnar í heild?
Það eru alltaf einhverjar óskir og draumar, erum við ekki öll að reyna að rækta hinn fullkomna hund?

Að lokum er vert að leiða hugann að því hvort það sé eitthvað sem þau hefðu viljað hafa gert öðruvísi eða hvort eitthvað hafi breyst hjá þeim sjálfum frá því að þau byrjuðu að rækta hunda?
Við erum sko búin að fara í hring en vonandi erum við komin með aðeins meiri þekkingu á tegundinni og vitum hvað við erum að reyna að rækta. Við erum enn algjörir byrjendur í hundarækt, en við reynum að gera betur i hvert skipti. Þegar maður þykist orðið vita allt þá er maður á vitlausri braut.

Sámur þakkar þeim Birnu og Kristni kærlega fyrir spjallið og óskar þeim og fjölskyldu þeirra velfarnaðar í verkefnum sínum og ævintýrum!

ISCh Longsdale Black Beauty „Zorro“

ISCh Armylove

Allir saman
í útivist

Á fullri ferð

ISCh Astra Polar

FJÁRHUNDURINN POLAR

TEXTI: SVAVA BJÖRK ÁSGEIRSDÓTTIR
MYNDIR: ÞÓRHILDUR BJARTMARZ OG CAROLIN GIESE

Í eigu Birnu og Kristins er bláyrjóttur (blue merle) fjárhundur sem hrífur augað fyrir margar sakir, ekki síst fyrir persónutöfra og vinnugleði. Sérstaklega ef hann er að sinna því sem hann elskar, að smala fé.

„Polar var fluttur inn árið 2012 frá Bretlandi og á algjörlega einstakan stað í hjarta okkar. ISCh Astra Polar er annar tveggja hunda sem klárað hefur fjárhundapróf FCI á Íslandi og er einnig skráður hjá ISDS (International Sheep Dog Society). Polar er tegundatýpískur hundur og hefur verið sýndur á sýningum HRFí með góðum árangri, hann er íslenskur meistari og kominn með eitt öldungastig".

Þegar þau keyptu hann átti hann að vera örlítið taminn. Það var því mikil spenna í kringum það að koma honum heim og kynnast honum.

„Kiddi var svo rosalega spenntur þegar hann kom heim með hann að hann dreif sig út á tún með nýtamda hundinn sinn og ætlaði aldeilis að prófa gripinn í fé. Þeir skella sér saman út á tún félagarnir að taka létta æfingu, en æfingin fór ekki eins og áætlað var. Í fyrsta lagi kunni hann Polar ekki neitt og var algjörlega ótaminn, en ekki vantaði áhugann og hlaupagleðina. Kiddi missir féð og hundinn yfir allar girðingar og langt upp í fjall, þá voru góð ráð dýr. Kiddi hleypur á fleygiferð upp í fjall að reyna að ná hundinum en þetta var margra klukkutíma vinna að ná dýrinu og setja það í band og reka féð niður sjálfur. Það gekk mikið á í þessari fyrstu prufu þeirra saman".

Í framhaldinu var ekki farið með Polar í fé nema á öruggu svæði og byrjað á byrjuninni. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar í lífi þeirra félaganna og í dag er þessi hundur frábær vinnuhundur í alla staði og hefur sparað eigendum sínum mörg sporin, sem og öðrum bændum í þeirra sveit.

„Þetta er hundur sem er með einstakt geð og myndi gera allt fyrir okkur. Polar elskar fjölskylduna sína skilyrðislaust og alltaf er hann til í knús frá öllum gestum og börnum, og er afspyrnuveikur fyrir litlum hvolpum. Við erum virkilega stolt af þessum hundi og á þessum bæ er hann alltaf kallaður kóngurinn".

Fjárhundurinn að störfum

Polar árið 2016 í fjárhundaprófi



DÝRALAND

DYRALAND.IS



Rita týndist stuttu eftir að hún kom úr einangrun við Hafravatn í göngu með eiganda sínum. Hún fannst degi seinna við Hengil eftir að tugir fólks var búið að leita af henni.

RITA ER ~~TÝND~~ Fundin

Castró var í pössun og fældist í göngutúr við Helgafell í Hafnarfirði í febrúar síðastliðnum. Hann var týndur í 4 daga þar sem stormabylgja dundi á honum alla dagana. Hann fannst með hjálp hreyfimyndavélar við matarstöð eftir að ekkert hafði sést til hans.

CASTRÓ ER ~~TÝNDUR~~ Fundinn

TÝNDUR HUNDUR – HVAÐ Á AÐ GERA?

Það týnast að meðaltali þrír hundar á dag á Íslandi, sem betur fer komast flestir heim á um klukkutíma með hjálp samfélagsmiðla. Það eru þó nokkrir tugir hunda á hverju ári sem týnast lengur en sólarhring og þarf skipulagða leit til þess að finna. Þeir sem hafa lent í því að týna hundinum sínum vita hversu erfitt er að átta sig á því hvað þarf að gera og við hvern á að tala. Þessi grein mun vonandi aldrei þurfa að nýtast þér, en kannski verður hún til þess að hundur kemst heim heill á húfi því það var brugðist rétt við frá byrjun.

HÖFUNDUR: GUÐFINNA KONA KRISTINSDÓTTIR
MYNDIR: ÚR EINKASAFNI EIGENDA TÝNDRA HUNDA, BIRT MEÐ LEYFI EIGENDA.

GRUNN RÁÐ:

MERKING

Í fyrsta lagi er mikilvægt að merkja hundinn vel, hálsól með merkispjaldi er algengasta leiðin. Merkin geta þó dottið af og því er einnig nauðsynlegt að skoða hvort örmerki hundsins sé rétt skráð inni á dýraauðkenni.is. Dýraauðkenni er landlægur gagnagrunnur sem dýralæknar og opinberir aðilar nota til að finna eigendur týndra dýra. Þú skráir þig inn með rafrænum skilríkjum, eða Íslykli, og getur séð öll dýr sem eru skráð á þig. Passaðu að allar upplýsingar, eins og heimilisfang og símanúmer séu réttar.

TILKYNNING

Ef hundur týnist á alltaf að vera fyrsta skref að láta vita á samfélagsmiðlum. Á Íslandi er Facebook lang virkasti miðillinn í þessu málefni og þá sérstaklega síður sem eru tengdar hundum almennt, hundategundinni eða hverfishópur fyrir svæðið sem hundurinn týndist á. Það eru ótal tilfelli þar sem einhver er nú þegar búinn að ná hundinum og er að leita að eigandanum áður en eigandi hefur sett inn auglýsingu. Ef enginn kannast við að hafa náð hundinum er næsta skref að tilkynna lögreglu og hundaeftirlitinu í sveitarfélaginu að hundurinn sé týndur. Mikilvægt er að skilja eftir símanúmer og lýsingu á hundinum svo hægt sé að hringja til baka ef þeim berst tilkynning.

GREINING

Það er gífurlega mikilvægt að átta sig á ákveðnum grunn atriðum um hundinn og af hverju hundurinn er týndur. Það eru þrjár megin ástæður fyrir því að hundur stingur af, hundurinn fór í **ævintýraferð, í ástarleit eða hann flúði.**

Ævintýraferð er þegar hliðið á garðinum er óvart skilið eftir opið. Sumir hundar myndu vissulega ekki fara út fyrir girðinguna þrátt fyrir að hliðið sé opið, en aðrir hundar geta hreinlega ekki staðist góðu lyktina af umhverfinu eða viljann til að skoða sig um. Þessir hundar eru ekki að stefna í ákveðna átt heldur eru að elta nefið, þeir fara almennt ekki nema nokkrar húsaraðir frá heimilinu. Í undantekningartilvikum getur lykt dregið þá jafnvel nokkra kílómetra í burtu séu þeir ekki stoppaðir af gangandi vegfarendum.

Ástarleit er algengt vandamál hjá ógeldum rökkum og tíkum. Þessir hundar eru markvisst að reyna að stinga af. Þeir munu reyna að klifra yfir/ grafa sig undir grindverk, opna hlið eða hurðar til að komast út. Rakkarnir eru almennt með ákveðna staðsetningu í huga þegar þeir sleppa út og finnast yfirleitt nálægt næstu lóðatík. Tíkurnar ferðast hins vegar svipað og ef um ævintýraferð væri að ræða í leit af rakka.

Flótti er þegar hundur fælist og fer í grunn varnarviðbragðið (Varnarviðbrögðin eru flótti, að frjósa eða árás) og hundurinn hleypur í burtu **frá því sem fælir hann.** Þessi tilfelli eru alvarlegust og þessa hunda er

oftast erfiðast að handsama. Hundar fælast yfirleitt frá háværum hljóðum (þrumur, skothljóð, flugeldar) eða aðstæðum sem hræða þá (verða fyrir bíl, er ráðist á þá, sleppa úr brennandi húsi), það er vel þekkt að hundar í þessu ástandi svara ekki kalli og þekkja jafnvel ekki eigendur sína vegna hræðslu. Þeir hlaupa í blindni og geta ferðast langar vegalengdir, yfirleitt í beinni línu, áður en þeir stoppa og reyna að átta sig.

STAÐSETNING

Aðstæðurnar sem hundurinn týnist frá skiptir líka máli, þekkir hann sig í þessu umhverfi, ratar hann heim eða er hann með fólki sem hann þekkir lítið? Dæmi um þetta er að sleppa úr pössun, týnast í fjallgöngu, sveitahundur sem týnist innanbæjar eða á öðrum ókunnugum stað o.s.frv.).

HEILSUFAR OG ALDUR

Það er mikilvægt að hafa aldur og heilsufar í huga. Hvolpar sem týnast fara yfirleitt ekki langt, en þeir finna sér felustað og halda sig þar. Hvolpar fara yfirleitt ekki frá eiganda nema í flótta þannig að það er yfirleitt ekki hægt að kalla á eða lokka hræddan hvolp til sín, það verður að lýsa inn í alla runna, undir alla palla og leita af sér allan grun.

Þeir hvolpar sem hafa týnst hérlendis hafa fundist í felum t.d. ofan í hraunholu, undir timburhrúgu og inni í runna stutt frá heimilum sínum eftir 1-4 daga leit. Fullorðinn heilsuhraustur hundur getur ferðast langa vegalengd á stuttum tíma á meðan eldri hundur fer líklega ekki eins hratt yfir og veigrar sér við ákveðnar leiðir sem heilsuhraustur hundur myndi ekki gera, t.d. að fara yfir á, upp fjallshlíð eða yfir umferðareyju.

SKAPGERÐ

Almennt stressaður hundur, þá hundur sem er hræddur við ókunnuga, aðra hunda eða hávaða mun hegða sér öðruvísi en glaðlyndur hundur. Þessa hunda er almennt erfiðast að handsama. Þeir forðast fólk og hávaða þannig þeir ferðast yfirleitt á næturnar og því er ólíklegra að sjáist til þeirra. Það er oftast einungis eigandi eða einhver sem hundurinn þekkir vel sem fær að koma nálægt honum.

Þegar búið er að greina *ástæðuna, staðsetninguna, heilsufar, aldurinn og skapgerðina* er hægt að skipuleggja leitina út frá þessum forsendum. Mælt er með því að virkja sem flesta í að leita á svæðinu til að fá sem flestar vísbendingar og sjá hvernig hundurinn er að ferðast. Gott er að notast við hóp á Facebook til að halda utan um leitina, hægt er að búa til sinn eigin eða notast við hóp sem heitir *„Hundasveitin – skipulagssíða við leit að týndum hundum“*, hópspjall á Messenger er líka ágætis lausn. Sama hvaða form er notað er nauðsynlegt að vera með einn aðila sem sér um að skipuleggja þessa miðla og leitina sjálfa, viðkomandi fylgist með ábendingum og deilingum á hinar ýmsu síður og kemur ábendingum áfram til þeirra sem eru að leita. Eftir tilfellum má skoða að fá aðila með dróna til að fljúga yfir, prenta út tilkynningar og dreifa um svæðið og láta leigubílstjóra, strætóbílstjóra eða verslanir í kring vita. Í sumum tilfellum hefur verið haft samband við útvarpsstöðvar og fréttamiðla til að ná til stærri hóps, þetta er sniðugt ef hundurinn hefur verið týndur lengi, lætur ekki ná sér, veðrið er slæmt eða vitað er að hundurinn sé slasaður.

Höskuldur fældist frá Geirsnefi þegar annar hundur á svæðinu hræddi hann. Hann fannst eftir um sólarhring í Stekkjahverfinu í Breiðholti.

Í LEIT

Ef hundurinn finnst ekki fyrir nóttina eða á svæði sem erfitt er að leita á er gott að leggja niður *matarstöð*. Þá er búr með teppi, eða öðru sem hundurinn þekkir og lyktarmikill matur settur á svæði sem hundurinn hefur annaðhvort sést á eða er líklegt að hann leiti í, t.d. í leit af skjóli. Best er að setjast niður og grilla mat til að búa til mikla lykt og skilja svo við matarstöðina svo hundurinn þori að koma að fá sér að borða. Einnig hefur verið notast við hreyfimyndavél fyrir framan matarstöðina sem hægt að stilla þannig að eigandi hundsins fái mynd af hreyfingu í skilaboðum, svona myndavél og matarstöð hjálpaði til dæmis einum hundi að nást eftir 5 daga við Helgafell í brjáluðu veðri.

LEITARHÓPAR

Gott er að fá þann sem er að skipuleggja leitina til að taka við ábendingum um hvar er búið að sjást til hundsins og leiðbeina þannig fólki með hvar er best að leita, mikilvægt að minna fólk sem aðstoðar á að það fyrsta sem á að gera ef sést til hundsins er að hringja í eigandann og láta vita hvar sást til hans og í hvaða átt hann hljóp. Næst er að fylgjast með hundinum úr fjarlægð þar til eigandi kemur. **Það á aldrei að hlaupa á eftir hundinum – þetta getur hrætt hundinn enn meira og getur valdið því að enn erfiðara verður að ná honum.** Ef þú nærð ekki að fylgjast með út fjarska er hægt að prófa að reyna að lokka hundinn til sín, það er gert með því að setjast á jörðina eða krjúpa, snúa sér til hliðar, láta nammi detta rólega á jörðina og tala rólega til hundsins. Ef þetta virkar ekki er sniðugt að hlaupa um 10 metra, án þess að rjúka af stað, í öfuga átt frá hundinum og krjúpa svo niður með bakið í hundinn, ef hann er ekki of hræddur verður hann forvitinn.

Eftir að hundur næst er best að láta þann sem sá um að fylgjast með netmiðlunum um að tilkynna að hundurinn sé kominn heim. Gott er að taka fram hvar hundurinn fannst, hvernig hann fannst og hvernig hundurinn hefur það, þetta eru algengustu spurningarnar og fólk er forvitið þegar það er búið að vera úti að leita eða hjálpa á annan hátt. Það er alveg á hreinu að samtakamáttur hundavina er það sem hefur gert það að verkum að flestir hundar komast aftur heim til sín. Þau eru ófá tilfellin þar sem fólk hefur bjargað hundi með því að taka þátt í leit af hundi sem það þekkti ekki neitt. Þeir sem hafa týnt hundinum sínum eða tekið þátt í leit vita hversu mikið af ókunnugu fólki er tilbúið til þess að hjálpa, en það er líka mikilvægt að reyna að skipuleggja leitina sem best svo allur þessi kraftur nýtist sem best.

Hundar og FERÐALÖG

Ferðalöngun grípur landann þegar sól hækkar á lofti og sumarfríin byrja. Sú löngun var ekkert minni síðastliðið sumar en aðstæður voru breyttar. Flæði ferðamanna inn og út úr landinu var ekkert á við það sem áður var og Íslendingar gerðust ferðalangar í eigin landi. Fyrir utan þann augljósa kost að upplifa náttúru okkar stórfenglega lands þá eigði á nýja von fyrir hundaeigendur.

Eins og flestum lesendum er ljóst hefur það ekki getað talist valmöguleiki að ferðast mikið erlendis með hund í för. Innanlands eru þó engin takmörk sett um hvert þú ferð með hundinn þinn en oft hefur verið vandamál með hvar skal dvelja. Gististaðir sem leyfa hunda hafa verið af skornum skammti en í sumar breyttist það til betri vegar að einhverju leyti. Margir gististaðir ákvaðu að taka til reynslu slíkt leyfi og aðrir hafa lengi viðhaft það fyrirkomulag.

Sámuri ákváð að taka stöðuna á nokkrum slíkum stöðum og fá mynd af reynslu gististaða sem leyfa hunda. Reynslan virðist almennt vera góð og stóð ekki á svörum frá gististöðunum og færum við þeim kærar þakkir fyrir. Hér birtum við nokkur af þeim svörum sem bárust.

HÖFUNDUR: SUNNA DÍS JENSDÓTTIR
MYNDIR: SUNNA DÍS JENSDÓTTIR, HALLGERÐUR KATA ÓÐINSDÓTTIR OG KOLBRÚN JÓNSDÓTTIR

Vinnuhundar í stuðlabergi

GUESTHOUSE HÓLL – VESTMANNAEYJUM

www.guesthouseholl.com og Hjólhýsaleiga - Mosfellsbæ www.naturebox.is

Hvernig gistiaðstöðu bjóðið þið upp á og hvar?
Gistiheimið Hóll – Vestmannaeyjum.

Hjólhýsaleiga, Mosfellsbæ.

Eru hundar leyfilegir með í för á gististaðnum ykkar?
Já.

Eru því einhver takmörk sett hvar hundar mega vera og hvað þeir mega gera?
Nei.

Hafa hundar ávallt verið leyfðir hjá ykkur eða er þetta nýtilkomið fyrirkomulag?
Já ávallt.

Hvernig er reynsla ykkar af gestum með hunda í för?
Mjög góð – Erum hundaeigendur sjálf svo við höfum skilning.

Hefur verið mikil aðsókn í gistimöguleika með leyfi fyrir hunda?
Einhver aðsókn – Flest allir sem hafa spurt og/eða komið með hunda eru mjög þakklát.

Hafið þið hugsað ykkur að halda áfram með þetta fyrirkomulag?
Já.

HESTASPORT – VARMAHLÍÐ

www.riding.is

Hvernig gistiaðstöðu bjóðið þið upp á og hvar?
Sumarhús og íbúð í Varmahlíð í Skagafirði, Norðurlandi.

Eru hundar leyfilegir með í för á gististaðnum ykkar?
Já.

Eru því einhver takmörk sett hvar hundar mega vera og hvað þeir mega gera?
Reyndar ekki. Þeir mega vera alls staðar í húsinu og íbúðinni, en við biðjum gestina að taka upp stykkin þeirra ef það skyldi lenda á slegnum grasflötum eða í kringum pottinn, þar sem aðrir gestir fara kannski berfættir um.

Hafa hundar ávallt verið leyfðir hjá ykkur eða er þetta nýtilkomið fyrirkomulag?
Já, þeir hafa ávallt verið leyfðir.

Hvernig er reynsla ykkar af gestum með hunda í för?
Almennt mjög góð. Það eru að sjálfsögðu örfáar undantekningar. Við viljum ítreka að það er æskilegt að láta okkur vita ef hundur eða hundar eru með í för. Þá setjum við gamalt lak eða teppi í hús / íbúð og biðjum fólk um að leggja það undir hund ef hann vill liggja á sófanum eða í rúmum. Þá er allt í góðu lagi og ekkert vesen.- Höfum lent í því að fólk kom með jafnvel marga hunda án þess að tilkynna það og hundar voru á sófanum, sem er með hvítri ábreiðslu. Það tók fleiri umferðir í þvottavél og handavinnu að ná öllum hundahárunum úr aftur. Þetta er svo leiðinlegt, þar sem við elskum hunda og viljum endilega að þeir njóti líka sumarhúsadvalarinnar, mega liggja á sófanum eða í rúmum. Ekkert mál ef eigendur vilja vera svo væn og leggja teppi undir. Við rukkum heldur ekkert gjald fyrir hunda.

Hefur verið mikil aðsókn í gistimöguleika með leyfi fyrir hunda?
Já.

Hafið þið hugsað ykkur að halda áfram með þetta fyrirkomulag?
Já.

KIRKJUBÆR – STÖÐVARFIRÐI

https://www.facebook.com/kirkjubaereasticeland/

Hvernig gistiaðstöðu bjóðið þið upp á og hvar?
Húsið er afhelguð kirkja byggð árið 1925. Sofið er annarsvegar, uppi á fyrrverandi kórlofti, þar sem eru 2 tvíbreið rúm, og hinsvegar niðri, þar sem eru 2 tvíbreiðir svefnsófar.

Á Stöðvarfirði, Austurlandi. Flokkað sem gistiskáli, því ekki eru sér herbergi fyrir gesti. Lausir, færanlegir veggir, eru til að hafa smá prívat fyrir gestina.

Eru hundar leyfilegir með í för á gististaðnum ykkar?
Já.

Eru því einhver takmörk sett hvar hundar mega vera og hvað þeir mega gera?
Ef það eru fyrir, fleiri gestir í húsinu, þá er æskilegt, að þeir samþykki að hundur verði innandyra. Sumir eru hræddir við hunda. Sérstaklega stóra hunda.

Hafa hundar ávallt verið leyfðir hjá ykkur eða er þetta nýtilkomið fyrirkomulag?
Frá því fyrsta fyrirspurn barst um hunda, meðfylgjandi gestum, hafa þeir verið leyfðir, með tilvísun í fyrra svar.

Hvernig er reynsla ykkar af gestum með hunda í för?
Góð.

Hefur verið mikil aðsókn í gistimöguleika með leyfi fyrir hundahaldi?
Nei. Ekki frekar en önnur aðsókn í veirufaraldri.

Hafið þið hugsað ykkur að halda áfram með þetta fyrirkomulag?
Já.

ÍSLANDSHÓTEL – VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ

https://www.islandshotel.is/

Hvernig gistiaðstöðu bjóðið þið upp á og hvar?
Íslandshótel skiptast í 3 hótelvörumerki; Grand Hótel Reykjavík, Hótel Reykjavík Centrum og Fosshótel sem eru staðsett hringinn í kringum landið.

Eru hundar leyfilegir með í för á gististaðnum ykkar?
Það hefur lengi verið á döfinni hjá okkur að leyfa hunda líkt og tíðkast hjá hótelkeðjum út um allan heim. Síðastliðið sumar varð þetta að veruleika eftir að hafa verið í undirbúningi í töluverðan tíma og það er ánægjulegt að geta loks komið betur til móts við þá ferðamenn sem eiga hunda og vilja gista á okkar hótelum.

Eru því einhver takmörk sett hvar hundar mega vera og hvað þeir mega gera?
Já það eru ákveðin skilyrði og takmörk er snúa helst að veitingaaðstöðu og almenningssvæði hótelanna. Herbergi fyrir hundaeigendur eru t.d. á jarðhæð á flestum okkar hótelum og á sumum er sérinngangur fyrir hundaeigendur. Svo eru einfaldar reglur sem hundaeigendum ber að fara eftir. Sem dæmi, við inn- og útritun skal hundur bíða bundinn úti eða inni í bíl og hafa skal hund í taumi á leið til og frá herbergi. Það mega vera að hámarki 2 hundar í herbergi og það má ekki skilja hunda eftir eina á herbergi. Svo þurfa hundar að vera vel siðaðir og hávaðalausir eðli málsins samkvæmt.

Hafa hundar ávalt verið leyfðir hjá ykkur eða er þetta nýtilkomið fyrirkomulag?
Nýtilkomið þ.e. frá því í maí á þessu ári.

Hvernig er reynsla ykkar af gestum með hunda í för?
Þetta hefur gengið afar vel og verið án allra vandkvæða.

Hefur verið mikil aðsókn í gistimöguleika með leyfi fyrir hundahaldi?
Já það er óhætt að segja að hundaeigendur hafi tekið þessari nýlundu fagnandi.

Hafið þið hugsað ykkur að halda áfram með þetta fyrirkomulag?
Já klárlega.

Fleiri og fleiri sumarbústaðir bjóða hunda velkomna
Kósý á Hótel Búðum
Gamli Bærinn, Mývatn
Eins og sjá má standa ýmsir valmöguleikar til boða fyrir okkur hundaeigendur til þess að ferðast og njóta um landið.
Ábyrgðin liggur hjá okkur að sýna gott fordæmi og tryggja áframhaldandi leyfi fyrir ferfættu vini okkar. Því hvað er betra en að upplifa heimalandið með alla fjölskyldumeðlimi með?
Kolbrún Jónsdóttir og hundarnir hennar við Seljalandsfoss
Beðið eftir bolta
Í fjallgöngu

hundar og BÓKMENNTIR

Bókmenntir hafa fylgt manninum í aldanna rás og það hafa hundar líka gert. Þróunin hefur gert manninum auðveldara að umgangast hvoru tveggja og verið honum mikilvægur félagsskapur í gegnum aldirnar. Bókmenntir sem opna nýja heima fyrir lesendur sína og hundar sem vinir og vinnufélagar. Hvar skarast heimar þessara tveggja ólíku fyrirbæra? Það er spurning sem við hér hjá Sámi ætlum að reyna svara með því að skoða birtingarmyndir hunda í bókmenntum. Viðeigandi þykir að byrja á nafna blaðsins honum Sámi hans Gunnars á Hlíðarenda. Hundar í Íslendingasögum eru sjaldséðir nema einstakir þóttu. Sámur er þar líklega sá þekktasti en talið er að hann hafi verið írskur úlfhundur. Þótti við hæfi að hafa samband við fræðimanninn Ármann Jakobsson, prófessor við Háskóla Íslands, sem í sumar las upp Njálu í heild sinni fyrir Rás 1 og eru allar upptökurnar aðgengilegar á hlaðvarpi RÚV.

Dr. Ármann Jakobsson
rithöfundur og prófessor í íslenskum bókmenntum fyrri alda við Háskóla Íslands

HÖFUNDUR: SUNNA DÍS JENSDÓTTIR
TEIKNING: PÉTUR INGI JÓNSSON

Hvað getur þú sagt okkur um hundinn Sám í Njálu?
Sámur birtist í 70. kafla. Í heimsókn til Ólafs pá eru Gunnari á Hlíðarenda færðir þrír gripir frá Írlandi: gullhringur, skikkja og hundurinn Sámur. Um hann segir Ólafur að hann hafi mannsvit og muni gelta að óvinum en ekki vinum. Skömmu síðar vilja andstæðingar Gunnars ráðast að honum og þá gerir hundurinn þeim erfitt fyrir, hann þarf helst að drepa fyrst svo að hann veki ekki Gunnar.

Nú hefur Sámur verið álitinn tryggur vinur Gunnars á Hlíðarenda, getur þú sagt okkur einhver dæmi frá því?
Þegar Ólafur gaf Gunnari hundinn bað hann Sám að fylgja Gunnari og hundurinn gengur þegar að honum og leggst við fætur hans. Seinna fá andstæðingar Gunnars nágranna til að teyma hundinn burt. En um leið og hann sér óvinina rífur hann svikarann á hol og þegar einn vígamanna setur öxi í höfuð hans geltir svo hátt að enginn hefur heyrt annað eins. Sennilega til að vara Gunnar við með sínum hinsta andardrætti enda tekst það. Gunnar vaknar og skilur strax hvernig í öllu liggur.

Er hægt að segja að Sámur hafi gegnt einhverju bókmenntalegu hlutverki í verkinu Njálu?
Þegar hundurinn deyr segir Gunnar einhverja sína frægustu setningu sem er á þessa leið: Sárt ert þú leikinn Sámur fóstri og búið svo sé til ætlað að skammt skuli okkar í milli. Þannig að Gunnar talar um Sám eins og fósturbarn sitt. Tryggð hans er andstæð ótryggð óvinanna en sýnir líka að þó að Gunnar sé ansi einn og yfirgefinn í lokin, þá á hann þó þennan góða fylgdarmann.

Vakti Sámur áhuga þinn við lestur Njálu í fyrsta sinn, seinna eða kannski aldrei?
Ég las Njálu sem barn þannig að auðvitað varð hundurinn mjög minnisstæður. Mér finnst að það eigi að segja börnum sem mest frá sögunum og þá er einmitt hægt að velja efni sem líklegt er að börn hafi áhuga á, eins og t.d. hundinn Sám.

Nú eru litlar heimildir til um hunda frá fyrstu öldum mannabyggðar á Íslandi og engar í Íslendingasögum af fjárhundum líkt og þeim sem við í dag teljum okkar þjóðarhund. Hefur þú einhverjar vangaveltur um hvers vegna það gæti verið?
Þó að sögurnar séu frábærar heimildir um marga siði og venjur til forna, þá eru líka heilmiklar eyður í þeim fróðleik og það eru einfaldlega svokölluð „slysagöt", þ.e. tilviljun veldur því að þetta vantar. Sögurnar snúast um deilur, valdatafl og nágrannaerjur, oftast stórmenni. Allt annað efni ratar í þær fyrir tilviljun og hreinasta heppni að þar komi þó fyrir nokkrir hundar, eins og t.d. Sámur. Ég átta mig ekki alveg á hvers konar hundur hann hefur verið enda ekki mitt svið. Hann er mjög stórvaxinn og kemur frá Írlandi. Það kemur fram að hann liggi uppi á húsinu. Veit ekki hvaða hundategund er líkleg til þess.

Aðalspurningin hlýtur svo að vera – átt þú hund eða hefur þú átt hund? Ef svo er, hvaða nafn bar hann/hún/þeir/þær/þau?
Nei, aldrei, en ég hefði valið íslenskt nafn. Það eru allnokkur góð í fornsögum.

Við þökkum Ármanni kærlega fyrir áhugavert og upplýsandi spjall.

Hill's
Transforming Lives
BREYTINGIN
SEM ÞÚ SÉRÐ,
FINNUR & TREYSTIR
Næring fyrir allan aldur, stærð og þarfir
Forskot til bættra lífsgæða fyrir gæludýrið þitt

HUNDAR SPÁSSERA UM Í KRINGLUNNI!

Nú er nokkuð um liðið síðan Kringlan, verslunarmiðstöð, opnaði fyrir smáhundaheimsóknir í sitt hús á sunnudögum. HRFÍ fagnaði þessu framtaki og mikilvæga skrefi til bættrar hundamenningar á Íslandi. Greinarhöfundi fannst fróðlegt að heyra um það hvernig til hefði tekist hingað til og um upplifun starfsfólks og viðskiptavina Kringlunnar á þessum heimsóknum litlu vinanna okkar í verslanir sínar.

HÖFUNDUR: BJARNHEIÐUR ERLENDSDÓTTIR

KRINGLAN

Heyrum hvað Sigurjón Örn Þórsson framkvæmdastjóri Kringlunnar hefur um málið að segja.

Sigurjón Örn Þórsson
Framkvæmdastjóri Kringlunnar

„Það var í júní síðastliðnum að rekstrarfélag Kringlunnar verslunarmiðstöðvar fóru af stað með það óvenjulega verkefni að leyfa smáhundum með eigendum sínum að heimsækja miðstöðina. Það var farið í það verkefni að útvega tilskilin leyfi frá umhverfisráðuneytinu og heilbrigðiseftirlitinu. Einnig varð að fá meirihluta samþykki hjá rekstraraðilum hússins sem tóku hugmyndinni vel að leyfa heimsóknir smáhunda á sunnudögum og til áramóta til að byrja með“.

Gaman er líka að segja frá því að hugmyndin kemur upphaflega frá einum rekstraraðila sem tók eftir því meðal starfsmanna sinna að æ fleira fólk á hunda sem það sinnir af mikilli ástríðu. Ræddu þau um hversu gaman það væri ef það væru staðir sem leyfðu hundaheimsóknir með eigendum sínum. Ráðamenn tóku hugmyndinni fagnandi og hófu undirbúning.

„Tilraunin hefur heilt yfir gengið glimrandi vel. Áherslan er á smáhunda og er ástæðan sú helst að hægt sé að halda á þeim upp rúllustigana sem og grípa þá í fangið ef ótti kemur upp hjá hundi eða viðskiptavini. En við bönnum engum hundum að kíkja með eigendum sínum í heimsókn til okkar. Fjölmargir ánægðir viðskiptavinir hafa fært okkur þakkir sínar og finnst frábært að heimsækja okkur á sunnudögum, bæði til að umhverfisvenja hunda sína sem og til að kíkja í verslanir eða á kaffihús.

Einhverjir hafa kvartað yfir hundunum en þá má telja á fingrum annarrar handar á meðan hrósin og þakklætið telja í tugum. Sumir rekstraraðilar bjóða ferfættu gestunum upp á nammi, vatn eða ís-slettu í skál.

„Lagalegar ástæður eru fyrir því að nokkrir rekstraraðilar geta ekki boðið hundum í heimsókn s.s. snyrtistofur og matvöruverslanir og er það að sjálfsögðu virt. Sumarið fram á haust hefur gengið virkilega vel og við erum bara bjartsýn á það að þessar heimsóknir verði að föstum lið og hundar geti ásamt eigendum sínum heimsótt Kringluna alla sunnudaga framvegis“ segir Sigurjón og með þessum lokaorðum þökkum við honum kærlega fyrir spjallið.

DÝRABÆR

Byrjað var á að banka upp á hjá Guðríði Vestars sem rekur verslanir Dýrabæjar í Kringlunni og víðar.

Hún hafði eftirfarandi um þetta málefni að segja:

„Þegar Kringlan hafði ákveðið að fara af stað með þetta óvenjulega verkefni þá hélt ég að það myndi bara líða yfir mig ég varð svo forviða yfir þessu stóra skrefi sem Kringlan var að taka í hundamenningu á Íslandi. Fyrsta sunnudaginn þegar við maðurinn minn gengum um Kringluna varð honum að orði að hann hefði aldrei trúað því að hann ætti eftir að upplifa þann dag að sjá hunda spássera um með eigendum sínum í þessari verslunarmiðstöð. Maður er vanari því að þurfa að afsaka það að vera með hunda svo þessu framtaki fylgdi mikil gleði og tilhlökkun að sjá hvernig til tækist.

Margir hundaeigendur mæta með hunda sína hingað og hafa það sem hluta af umhverfisþjálfun þeirri sem nauðsynlegt er að sinna með unga hunda og hvolpa. Stærri tegundir hunda er stundum komið með hingað á meðan þeir eru það litlir að hægt sé að halda á þeim“ segir Gurrý og brosir.

Sumir hundaeigendur byrja heimsóknina á því að kíkja við í Dýrabæ og þar er þeim boðið upp á vatn og nammi og fá að nusa og kanna verslunina. Eftir það fara þeir með eigendum sínum í tískuverslanirnar til að skoða úrvalið þar eða setjast niður á kaffihús.

„Ég ætlaði fyrsta daginn að skutlast inn á kaffihús og sækja kaffi og bað manninn minn um að bíða úti með hundinn á meðan, mér datt ekki í hug að hundurinn mætti koma inn fyrir en öðru nær, við vorum boðin velkomin með hundinn inn á kaffihúsið með brosi á vör. Ég hef ekki heyrt talað um nein vandamál í þessum heimsóknum smáhundanna í Kringluna, flestir eru mjög prúðir með ábyrgum eigendum sínum sem vanda sig sem mest þeir mega. Hundlausir gestir verða sumir þó nokkuð hissa á að sjá hunda þarna, sérstaklega fyrstu tvo sunnudagana, og margir gestir dást að hundunum og vilja fá að klappa þeim og biðja flestir um leyfi til þess“ segir Guðríður og við þökkum henni kærlega fyrir spjallið.

Ný vetrarúlpa frá DogCoach!

DogCoach Vetrarúlpa 5.0

Vatnsheld (að 3000 mm), vindheld og heldur á þér hita sama hvernig viðrar.

DOG COACH

Fatnaður fyrir hundaeigendur



Non-stop dogwear

HÁGÆÐA BÚNAÐUR FYRIR ALLA HUNDA

Stærsta úrvalið af Non-Stop Dogwear finnur þú í verslun okkar á Fosshálsi

SS Síðan 1907

Búvörur SS | S: 575-6070 | www.buvorur.is | buvorur@ss.is

Verslun Fosshálsi 1, 110 Reykjavík | S: 575-6071 | Opið virka daga kl.: 10:30-18:00

Verslun Ormsvelli 4, 860 Hvolsvelli | S: 575-6099 | Opið virka daga kl.: 09:00-17:00

HUNDAR KÍKJA Á KAFFIHÚS

Zoran Kokotovic á Café Roma í Kringlunni hafði eftirfarandi að segja um hundaheimsóknir í Kringluna og á kaffihús.

„Hundar eru leyfðir í Kringlunni á sunnudögum og er það okkur mikil ánægja. Varðandi okkar kaffihús þá eru mjög strangar reglur hjá heilbrigðiseftirliti varðandi hunda í kaffihúsum. Öll kaffihús þurfa leyfi Heilbrigðiseftirlitsins til að geta tekið á móti hundum. Við elskum hunda en það eina sem við getum kannski leyft er að fólk með hunda sitji í fremstu röð við „göngugötuna“ en spurningin er þó alltaf sú hvað heilbrigðiseftirlitið segir sem og annað fólk á kaffihúsinu. Það þarf að hafa leyfi heilbrigðiseftirlitsins og er einnig nauðsynlegt að spyrja fólkið sem fyrir er á kaffihúsinu hvort því sé sama þótt hundar séu í fremstu röðinni því að sumir eru með ofnæmi“.

Hreinlæti skiptir einnig miklu máli, og segir Zoran að eigendur hunda og starfsfólk Kringlunnar séu mjög meðvitað um það.

„Okkar vegna mættu hundar vera alla daga í Kringlunni og við erum mjög ánægð með þetta framtak Kringlunnar að leyfa hundahald á sunnudögum“ segir Zoran að lokum og við óskum þeim velfarnaðar.

Zoran Kokotovic á Café Roma

KRINGLUBÍÓ

Alfreð Ásberg Árnason hjá Sambíóunum hafði þetta að segja um leyfi Kringlunnar til hundaheimsókna á sunnudögum.

„Þegar búið var að auglýsa það vel að hundar mættu koma hingað í Kringluna mættu nokkrir hundar í bíóið til okkar. Það gekk bara mjög vel og hundaeigendurnir voru mjög ánægðir og einnig voru hundarnir sáttir, stilltir og mjög prúðir. Aðrir bíógestir tóku hundunum vel en sumt fólk þarf að sjálfsögðu að venjast því að hundar séu í kvikmyndahúsum. Við höfum boðið hundunum upp á vatn en ef þetta verður stærra atriði þá skoðum við að bjóða hundunum upp á meira og kannski nammi líka. Viðbrögð allra voru mjög jákvæð út í veru hundanna hér í kvikmyndahúsinu“.

UPPLIFUN VIÐSKIPTAVINAR

Regína Vilhjálmsdóttir segir okkur frá sinni upplifun í fyrstu heimsókninni.

„Sunnudagurinn 14. júní 2020 var stór dagur í mínum augum og annarra hundaeiganda í Reykjavík! Kringlan ákvað að opna hús sitt fyrir hundaeigendur með smáhundana sína á sunnudögum til reynslu. Þetta var ótrúlegt! Og virkilega stórt skref þegar stigið var inn í Kringluna, bæði fyrir hunda og hundaeigendur. Mega hundar virkilega fara í Kringluna!“.

Mikil eftirvænting, ánægja og gleði var með framtakið og mjög söguleg stund. Regína og vinkona hennar mættu með tvo smáhunda á bílaplanið á Kringlunni vel fyrir opnun, spenntar og líka smá feimnar við að fara með hundana inn í Kringluna þar sem það hefur alltaf verið bannað.

„Við vildum gefa hundunum tíma til að lesa umhverfið og róast aðeins áður en við gengum inn í þessa virðulega byggingu sem áður hefur eingöngu verið opin fyrir mannfólkinu. Áður en búðirnar opnuðu, gengum við inn með hundana gegnum sjálfopnalegu hurðina og tilfinningin var alveg ótrúlega furðuleg og fyrstu skrefin, með bestu vinunum okkar við hlið, eru mjög minnisstæð og mun aldrei gleymast. Að auki höldum við því staðfastlega fram að hundarnir okkar hafi verið fyrstu viðskiptavina-hundarnir sem stigu fæti inn í Kringluna þennan dag“.

Regína segir að þetta hafi verið ótrúlega gaman og ákveðin frelsistilfinning að mega taka hundinn sinn með í Kringluna og versla, vitandi það að það væri leyfilegt og velkomið.

„En ég verð að viðurkenna það að ég var frekar stressuð fyrst, hélt voffa í stuttum taumi og gekk næstum á fólk og stóla, því ég hafði varla augun af hundinum, bæði til að fylgjast með hvernig honum liði með þetta og til að grípa nógu fljótt inn í ef hann sýndi óæskilega hegðun. Það var krúttað að sjá að velflestir sem við mættum í Kringlunni brostu og börnin og eldra fólkið var sérstaklega hrifið og komu til að spjalla og fá að klappa hundunum. Margir ráku líka upp stór augu við það að sjá sæta hunda í þessu umhverfi. Við byrjuðum á því að fara strax í dýrabúðina þar sem okkur var vel tekið, og var mátað og verslað rakkabindi í flottum litum til að sýna ábyrga hegðun og gefa voffunum okkar fyrstu Kringlufötin, og þeir yrðu í rétta „outfittinu“. Og svo trítluðu þeir út úr búðinni, rígmontnir í flottu „buxunum” sínum. Við vorum ekkert að segja þeim að það hefði bæði verið

gert til að sýna öðrum ábyrga hegðun og gera okkur rólegri, að þeir merktu ekki á þessum fína og menningarlega stað.

Að mati Regínu er stóri kosturinn við þetta sem hundaeigandi er að fá tækifæri til þess að umhverfisvenja hundinn og að fá að taka hann með í búðir. Í stað þess að þurfa alltaf að skilja hann eftir heima eða í bílnum þegar þarf að skjótast í Kringluna, þar sem það getur bæði stressað hann sem og eiganda.

„Þetta er gríðarlega jákvætt og frábært framtak fyrir sögu hundahalds og hundaeigendur á Íslandi! Það er löngu orðið tímabært að íslenskt samfélag viðurkenni hundinn sem hluta af samfélaginu eins og maður hefur séð í flestum öðrum löndum til margra ára. Ég gat ekki annað séð en að allir væru til sóma, bæði hundar og eigendur þeirra. Einhvernvegin fannst mér stemningin í Kringlunni breytast til hins betra við að sjá loðna ferfættlinga úti um allt, eins og það væri sjálfsagður hlutur. Tillitsemi, hlýja, áhugi og gleði streymdu frá viðskiptavinum og afgreiðslufólki. Ég vil bara flytja kærar þakkir til Kringlunnar fyrir að þora að taka þetta skref og ríða á vaðið. Svo er undir okkur hundaeigendum komið að fara ofurvel með þetta tækifæri, hvort vel tekst til og að hundar verði leyfðir áfram á sunnudögum og á fleiri stöðum".

Regína Vilhjálmsdóttir viðskiptavinur Kringlunnar

Auður Sif Sigurgeirsdóttir og Guðbjörg Guðmundsdóttir úr fræðslunefnd HRFÍ fengu Karen Ösp Guðbjartsdóttur og hundinn Chili í lið með sér við gerð myndbands sem sýnir fyrirmyndarhegðun og nokkur góð ráð sem gott er að hafa í huga í Kringlunni. Anja Björg Kristinsdóttir sá um myndvinnslu og klippingu. Myndbandið má finna á slóðinni: https://www.youtube.com/watch?v=w9aFgGxCM1c

Greinarhöfundur á kaffihúsi í Kringlunni.

Ístjarnar ræktun
Við ræktum íslenska fjárhunda og Bedlington Terrier
Uppl. elma@hundurinn.is

VÍDIGERÐIS
AUSTRALIAN SHEPHERDS
www.vidigerdis.com

Erum með mikið úrval af hundavörum í hæðsta gæðaflokki frá RUFFWEAR
Beisli, bakpokar, árekstraprófuð bílbelti, taumar, hálsólar, skálar, bæli, skó og leikföng
Lífland, Litla Gæludýrabúðin og Fiskó
RUFFWEAR

„HANN KOM MÉR RÉTTA LEIÐ -NIÐUR OG HEIM”

Atlas í fjallgöngu ásamt eigendum sínum þeim Helenu Jónsdóttur og Gísla Jóhannssyni.

Atlas fylgist vel með öllu

Golden retriever hundurinn Atlas tekur á móti gestum og gangandi sem eiga leið um Mosfellsdalinn og stoppa við í Dalsgarði til þess að kaupa rósir eða túlípana. Hann er rólegur og yfirvegaður að eðlisfari og hefur heillað alla þá upp úr skónum sem hann hitta. Eigandi hans féllst á að segja okkur frá ævintýrum þeirra, en þau eru miklir göngugarpar og hafa lent í ýmsu saman á ferðum sínum um þúfur, fjöll og firnindi. Þess má geta að Atlas hefur náð mjög góðum árangri í þau skipti er hann hefur mætt í ræktunardóm á sýningum félagsins og í nóvember 2019 kom hann, sá og sigraði tegundina og endaði sem BIS- 3 þann daginn. Atlas kemur frá Wonder Gold ræktun Þórdísar Bragadóttur. Við gefum Helenu Jónsdóttur, eiganda þessa höfðingja, orðið:

FRÁSÖGN OG MYNDIR: HELENA JÓNSDÓTTIR.

Sumarið 2014 eignaðist ég Atlas. Hann er golden retrieverinn sem mig hafði lengi dreymt um, sterkur og stór með breitt trýni og óendanlega blíður. Ég hef alltaf stundað útiveru og hreyfingu svo að líf okkar saman einkenndist fljótlega af göngutúrum og fjallaklifri allt árið um kring.

Þar sem við Atlas erum garðyrkjubændur í Mosfellsdalnum erum við umlukin fjöllum sem við skjótumst upp á í hvert sinn sem andinn kemur yfir okkur. Veturinn 2016, nánar tiltekið í janúar, rétt fyrir kl. 15, fundum við fyrir hreyfiþörf. Það var snjór yfir öllu og smá frost. Ég ákvað að best væri að ganga á Mosfellið, stystu leið beint upp frá Mosfellskirkju og þar upp gilið. Það var byrjað að rökkva en við örkum hratt yfir svo ég taldi að við myndum ná heim fyrir algert myrkur auk þess sem ég þóttist kunna leiðina upp og niður blindandi. Þegar upp fyrir gilið er komið liggur gönguleiðin í vestur eftir toppi fjallsins sem fer hækkandi og nær það hátindi vestast (276 m).

Mér fannst tilvalið að lengja aðeins gönguna þegar við komum upp fyrir gilið og lagði af stað í vestur. Það var komið myrkur og þegar við vorum hálfnuð vestur eftir skall á með snjóstormi. Það hvessti og ofankoman var þó nokkur. Vegna þess að ég hafði rétt ætlað að skjótast í stuttan túr var ég alls ekki útbúin fyrir þessar aðstæður. Fötin mín voru jú hlý og skórnir góðir en mig vantaði ennisljós, hlífðargleraugu, göngustaf og það sem mest er um vert, mannbrodda. Auk þessa hafði ég hvorki látið neinn vita um ferðir mínar né tekið með síma. Þetta er eins ólíkt mér og hægt er því ég passa annars alltaf upp á að vera vel útbúin og láta vita af mér.

Ég hafði vindinn og snjóinn í fangið og sá nánast ekkert því það var erfitt að halda augunum opnum á móti veðrinu. Ég setti því undir mig hausinn og þrammaði áfram, ákveðin í að komast vestast upp á hátindinn fyrst ég væri komin þetta langt og fara sömu leið til baka. Þetta gat jú ekki verið

neitt mál, ég sá ljósin frá gróðurhúsunum mínum þaðan sem ég stóð og Mosfellið engan veginn hátt fjall svo ekkert slæmt gæti hent mig svona rétt við bæjardyrnar.

Allt í einu fann ég að ég var komin út á ís. Ég sneri mér undan veðrinu og opnaði augun og sá þá að ég var komin of langt í vestur, alveg út á brún fjallsins og töluvert bratt niður. Ég byrjaði að renna og kastaði mér niður. Ég fann að ég var að fara fram af einhvers konar hengju. Í örvæntingu fálmaði ég út í loftið og náði taki á örlítilli stein nibbu, sem stóð upp úr ísnum, og náði að stöðva mig. Ég fann þó fljótlega að ég var í sjálfheldu, því ég náði ekki spyrnu í ísinn til að ýta mér upp og gat ekki sleppt stein nibbunni. Ég blótaði mér í huganum fyrir kæruleysið, hafði ekki hugmynd um hvernig ég ætti að koma mér upp aftur og það var alls ekki vænlegt að sleppa og láta sig falla fram af.

Allt í einu fann ég að Atlas var lagstur ofan á hendurnar á mér. Hann horfði á mig með gáfulegu, fallegu augunum sínum og ég sá að ég átti aðeins einn leik í stöðunni. Örsnöggt sleppti ég takinu á steininum og reif í feldinn hans. Hann lá áfram en sneri sér svo og byrjaði að draga okkur til baka upp ísbunguna og ég reyndi hvað ég gat að hjálpa til með fótunum. Þetta var ekki löng leið, kannski 5-6 metrar, en mér fannst hún ógnarlöng. Þegar við komum upp var ég örmagna og hékk um hálsinn á hundinum.

Loks stóð ég upp og ákvað að fara niður fjallið þarna fyrir vestan en þar er gönguleið sem við höfum oft farið. Ég lagði af stað en Atlas vildi ekki fylgja mér. Hann horfði á mig þegar ég kallaði en sneri sér í aðra átt og gengdi ekki. Þetta þótti mér furðulegt því hann hlýðir annars mjög vel. Ég gekk til hans, sneri mér undan veðrinu og sá þá að ég var að fara ranga leið, stefndi aftur of langt í vestur. Ég ákvað að láta hundinn ráða og elti hann af stað niður.

Tvisvar sinnum á niðurleiðinni taldi ég mig vita betur en hann og ætlaði að breyta af leið en í bæði skiptin stansaði hann og beið rólegur á meðan ég var að ná áttum. Að lokum ákvað ég að hætta að reyna að hafa vit fyrir okkur, elti hann með fullkomnu trausti og við komumst niður og heim. Ég veit ekki hvort hann var þreyttur en ég var algerlega búin. Hann vék ekki frá mér það sem eftir lifði kvölds líkt og hann vildi klára verkefnið til fulls og gæta mín áfram.

Það fer mikil orka í að takast á við náttúruöflin og finnast maður vera að tapa. Ég hef aldrei farið illa útbúin af stað í göngu eftir þetta og ber óendanlega virðingu fyrir Atlasinum mínum sem ég tel að hafi þarna bjargað lífi mínu og komið mér heilli heim.

Sámur þakkar Helenu innilega fyrir að segja okkur frá þessari mögnuðu upplifun sem lýsir því vel hve besti vinurinn getur verið húsbóndahollur, þrautseigur og kærleiksríkur.

Wonder Gold Atlas, Besti hundur sýningar, 3.sæti á Winter Wonderland sýningu HRFÍ

Atlas tekur vel á móti þeim sem renna í hlað

Atlas í vetrarríki

erlendi ræktandinn

ANITA RADIC & ZELJKO RADIC

LACRIMA CHRISTI - KRÓATÍU

Anita Radic og tíkin Tena, Multi Ch. LC Center of Attention.

Anita Radic er fædd og búsett í Króatíu og hefur ræktað dalmatíuhunda ásamt eiginmanni sínum, Zeljko Radic, í fjöldamörg ár með góðum árangri. Fyrir nokkrum árum fóru hundar af þessari tegund að verða sýnilegir aftur hér á landi og má geta þess að hér eru m.a. tvær tíkur úr ræktun Anitu.

Anita trúir því að það sé mjög mikilvægt að læra af fólki með mikla reynslu. Reynsla annarra og viðmið geta verið leiðbeinandi fyrir byrjendur í ræktun og/eða opnað augu þeirra sem eiga gæludýr. Aðrir ræktendur geta haft önnur viðmið en það er alltaf áhugavert að sjá hvernig og hvers vegna fólk tekur ákvarðanir sem maður myndi kannski ekki taka sjálfur.

„Við elskum öll tegundirnar okkar og framtíð þeirra veltur á ræktendum þeirra. Ég vona að einn daginn muni allir ræktendur rækta hunda af mikilli ástríðu og þekkingu“.

Ræktunarnafn Anitu og Zeljkos er Lacrima Christi og hafa þau átt dalmatíuhunda frá árinu 1992. Fyrsta got í þeirra ræktun fæddist tveimur árum seinna, árið 1994.

VIÐTALIÐ BIRTIST FYRR Á ÁRINU Í TÍMARITI BELGÍSKA DALMATÍUKLÚBBSINS.
ÞÝÐING: KRISTJANA KNUDSEN, ÞÝTT OG BIRT MEÐ LEYFI HÖFUNDAR.

Hvernig byrjaðir þú í ræktun og sýningum hunda?
Það var einfaldlega æskudraumur að eignast dalmatíuhund eftir að við eignuðumst púsl með mynd af dalmatíuhundum.

Hvað er það sem heillar þig við tegundina?

Það að þetta er okkar þjóðartegund, hluti af sögu okkar og menningu. Við sjálf höfum komið að ferlinu og vinnunni með FCI frá fyrstu stundu sem laut að því að viðurkenna tegundina sem þjóðartegund Króatíu.

Hvað gerir þessa tegund svo ólíka öðrum tegundum?
Þetta er sérlega greind tegund, ein af þeim heilsuhraustustu og hver hundur af tegundinni er einstakur karakter og þeir eru allir ólíkir.

Andy, sonur Anitu og Zeljkos, hefur tekið fullan þátt í sýningum með móður sinni.

Hvað er mikilvægasti eiginleiki sem þú leitar að í dalmatíuhundi?
Heilsan fyrst og fremst og að hann sé af réttri tegundagerð samkvæmt ræktunarstaðlinum.

Hvaða hundur var ást við fyrstu sýn?
Hundurinn okkar Multi Ch. Dalissi Magical Moonshine, „Moon“.

Gerir þú greinarmun á vali á sýningarhundi og ræktunarhundi?
Við reynum okkar besta til að eiga sýningarhund og ræktunarhund í hverjum hundi.

Af hverju heldur þú að þú hafir náð svona miklum árangri í ræktun í gegnum árin?
Af því við höfum alltaf verið mjög ákveðin í vali á hundum og samkvæm sjálfum okkur sem ræktendur, við erum meðvituð um galla, hugsum aldrei að einhver hundur sé sá besti og við hugsum alltaf að minnsta kosti 10 ár fram í tímann um það hvar við viljum sjá okkur og hundana okkar. Gæðin eru ávallt tekin fram yfir magn.

Er þetta eðlisávísun, góð áætlun eða heppni?
Fyrst og fremst góð áætlun með djúpri þekkingu á því hvað býr að baki hverjum hundi og línum, og þróuð eðlisávísun og auðvitað einhver heppni líka.

Hvað hefur verið hápunkturinn í ræktunarferli þínum fram að þessu?
Heims- og evrópumeistarinn Lacrima Christi Coppola, sem innihélt alla mikilvægustu hundana okkar í ættbókinni sinni, hann var ekki aðeins mjög sigursæll sjálfur heldur gaf af sér bæði heims- og evrópumeistara sem héldu arfleið hans sýnilegri í mörgum komandi kynslóðum. Hann var hundur sem hafði mjög mikil áhrif á dalmatíuræktun.

Hvaða galla getur þú fyrirgefið ef allt annað er vel viðunandi?
Að hundarnir séu með eina eða tvær tennur sem vantar, ég get alveg fyrirgefið það.

Hvolpahópur Lacrima Christi.


Yngri sonurinn, Jerko, í hvolpaknúsi.

Zeljko Radic, eiginmaður Anitu og meðræktandi.

WW´03, EW´02, Multi Ch. LC Coppola.

MultiCh. LC Creme de la Creme „Poppy".

Hvaða hundur hefur alltaf sérstakan stað í hjarta þínu?
Coppola.

Hvaða skilning leggur þú í týpu?
Hundur verður að vera innan tegundastaðals, týpa er persónuleg túlkun út frá staðlinum.

Hvað hefur þú í huga þegar þú velur rakka fyrir tík?
Hann þarf að vera dæmigerður fyrir tegundina og að minnsta kosti eins góður og tíkin, ef ekki betri.

Hversu mikilvægar eru doppurnar í ræktunarstarfi þínu?
Þær eru mjög mikilvægar, en þær eru punkturinn yfir i-ið á annars heilbrigðum og vel byggðum hundi, ekki bara það fyrsta og eina sem við horfum á. Við þurfum að leggja áherslu á að rækta undan hundum með fullan lit á nefi sem virðist stundum vera horft fram hjá þessa dagana. Þetta er arfgengur galli sem virðist vera erfitt að ná úr ræktun þegar hann er kominn inn.

Er einhvern tíma góð hugmynd að rækta undan hundum sem eru heyrnalausir á öðru eyra BAER +/-[1] eða með litagalla (patch)[2] ?
Við höfum aldrei verið verið á þeirri hugmynd og munum aldrei verða.

Hvað ættu ræktendur að reyna bæta í tegundinni?
Við ættum að halda okkur við staðalinn, ekki að finna uppá nýjum hugmyndum.

Hvað finnst þér um LUA verkefnið?[3]
Við erum alveg á móti því af því að LUA miði að því að blanda saman tegundum. Vandaðir ræktendur ættu að ekki að velja hunda í ræktun sem hafa einhverskonar heilsufarsvandamál, eins og þvagsteina. Að reyna að hreinsa tegundir af slíku með því að blanda við aðrar tegundir er

[1]BAER próf stendur fyrir BAER (Brainstem Auditory Evoked Response) og er aðferð til að heyrnamæla spendýr og í flestum löndum er það skylda fyrir ræktun dalmatíuhunda vegna arfgengrar hættu á heyrnaleysi. Þessi hætta tengist líkum á Piebald geni í hvítum feldlit.

[2]Bætur (patch) er litagalli sem eru heillit svæði á feldi dalamatíuhunda oft heillit eyru eða í kringum augu og er það svæði oft með þykkari hár sem er til staðar strax við fæðingu og er það litagalli samkvæmt tegundastaðlinum.

[3]LUA verkefnið stendur fyrir Low Uric Acid og miðar af því að losa tegundina við þvagsteinavandamál sem er algengt í tegundinni. Uppúr 1970 byrjað vísindamaðurinn og dalmatíuaðdáandinn Dr. Robert Schaible að blanda pointer rakka við dalmatíu tík í þeim tilgangi að útrýma þessum galla með mælanlegum árangri. Í dag eru margir dalmatíuræktendur víðs vegar um heim sem styðjast við þessa ræktun og talað er um LUA og HUA hunda. En mjög skiptar skoðanir eru um þetta verkefni meðal ræktenda tegundarinnar.

8 vikna gömul tík úr ræktun þeirra hjóna.

MultiCh. LC Can´t Buy Me Love „Betty".

MultiCh. LC O´zone Sandman „Sandy", sonur Coppola.

MultuCh. LC Candyman „Snoopy".

alveg röng leið. Til dæmis að koma slíkri blöndun inn í dalmatíuhundinn sem er ein þeirra tegunda sem er að mestu laus við arfgenga sjúkdóma, og blanda við t.d. pointer sem er tegund sem hefur fleiri heilsufarsvandamál er algerlega óásættanlegt. Tíminn mun leiða í ljós hvað LUA ræktun hefur gert okkar dýrmætu tegund og það mun verða mjög erfitt að fara til baka. Við höldum augum okkar opnum og við vitum hvað liggur að baki hverjum hundi, en nýjir eða ungir ræktendur vilja ekki eða eiga erfitt með að fylgja þessu.

Hvenær ertu fylgjandi sterkri innræktun?
Við erum í línuræktun, setjum inn gömul og góð gen, en ræktum aldrei nær en í 2/3.

Hvernig velur þú eigendur fyrir hvolpana? Hvaða spurninga spyrð þú?
Flestir af okkar hvolpakaupendum koma eftir meðmæli frá öðrum og að megninu til eru þeir ræktendur. Fyrir okkur er mikilvægast að hundarnir lifi í fjölskylduumhverfi inni á heimilum eða hjá ræktendum sem eiga ekki marga hunda, og sem koma fram við hundinn eins og fjölskyldumeðlim. Þeir sem spyrja fyrst um verð eru ekki teknir til greina. Nýjir eigendur verða að vita hverju þeir eru að leita eftir, sýningarhundi eða gæludýri, við sem ræktendur verðum að sjá muninn á hvolpunum og velja heimilin út frá því. Það er vanalega aðeins lítill munur, en við þurfum að staðfesta með samningi gæði hvolpsins. Það er alls ekki mikilvægt hver spyr fyrst, og við verðleggjum ekki hvolpana eins. Við fylgjumst vandlega með hvolpunum dag hvern og seinna tilkynnum við nýjum eigendum hvaða hvolp þau muni fá í samræmi við óskir þeirra í upphafi og hvað var undirritað í samningi.

Notar þú ungan rakka í pörun í fyrsta skipti, eða viltu bíða eftir að sjá afkvæmin hans fyrst?
Þar sem við höfum verið í tegundinni í hátt í 30 ár, þá höfum við ekki neitt á móti því að nota ungan hund í fyrsta skiptið án þess að hafa séð afkvæmin hans fyrst. Vandaðir ræktendur ættu einnig að vita hvað tíkin þeirra ber í genum sínum því ekki gæti hundurinn, né ætti að vera, einn ábyrgur fyrir útkomuninni.

Getur þú gefið einhver mikilvæg ráð til nýrra ræktenda?
Það er ekki hægt að læra að rækta hunda með því að lesa ráð á Facebook eða Instagram, eða blanda saman frægum ræktunarnöfnum og halda að það sé besta leiðin og trygging fyrir árangri. Við höfum alltaf verið viljug að hjálpa og leiðbeina nýjum ræktendum og leggja til. Sumir sem hafa verið viljugir að taka leiðbeiningum sjá ekki eftir því. Þeir sem halda það að þeir verði komnir á toppinn innan 2 ára hverfa mjög fljótlega frá. Biðin eftir árangri, mikil fjárútlát, og að auki allur sá tími og ástríða sem þú hefur gefið hundunum þínum verður ekki gefin ef þú hefur ekki þessa biluðu ræktunar ástríðu sem ekki er hægt að útskýra fyrir þeim sem ekki hafa hana í sér.

Þeir ættu alltaf að fylgja staðlinum. Það eru mín ráð til nýrra ræktenda.

Sámur þakkar Anitu Radic og belgíska dalmatíuklúbbnum hjartanlega fyrir leyfið á birtingunni.

PLATINUM
Náttúrlegt Gæludýrafóður & Umhirða

- fjarlægir tannstein
- vinnur gegn sýkingu í tannholdi
- berst gegn andfýlu

BÓKAHORNIÐ



TEXTI: SUNNA BIRNA HELGADÓTTIR

CLEVER DOG
EFTIR SARAH WHITEHEAD

Sarah Whitehead er hundaþjálfari og atferlisfræðingur til margra ára. Hún er algjör sérfræðingur í að lesa úr hegðun hunda og sjá hvað þeir eru að segja með líkamstjáningu og svipbrigðum.

Í bókinni Clever Dog segir hún á skemmtilegan hátt frá raunverulegum dæmum þar sem hún hefur hjálpað hundum og eigendum þeirra að eiga betra samband og hamingjuríkara líf.

Bókin er áhugaverð og þægileg í lestri. Hún fær mann til að hugsa um hvernig hægt er að leysa vandamál sem koma upp frekar á forsendum hundsins en ekki bara út frá sjónarhorni fólksins.

Bókina er að finna t.d. á Amazon og svo er hægt að hlusta á hana á Storytel.

Sarah Whitehead er með síðurnar www.learntotalkdog.com, www.cleverdogcompany.com og www.thinkdog.org og á þeim er hægt að finna margt áhugavert efni eins og t.d. ókeypis fyrirlestra sem allt hundaáhugafólk ætti að hafa gaman af.

Þess má geta að það er hægt að finna margar áhugaverðar hundatengdar bækur á Storytel. Sumar eru hljóðbækur en aðrar eru einungis e-bækur.

Það er hægt að mæla með t.d. *An Eye for a Dog* eftir Robert Cole, *The Education of Will* eftir Patricia B. McConnel, *Behavior Adjustment Training* eftir Grisha Stewart, *Play With Your Dog* eftir Pat Miller og *Chill Out Fido* eftir Nan Arthur.

DÍSA

saga af öldungi

Dísa barnapía

Púðlan okkar hún Dísa, sem er af tegundinni poodle toy, kom til okkar eftir að hafa lent á smá flakki. Ástæðan fyrir því var að Haraldur frændi minn og fjölskylda sem áttu Dísu áður en hún kom til okkar, fluttu erlendis. Þar sem Dísa var mjög hrædd við hávaða varð hún eftir á Íslandi. Það var vegna þess að það var ekki möguleiki á því að hún gæti farið í flugvél. Áður hafði fjölskyldan flogið til Egilsstaða og var Dísu gefið svefnlyf til að sofa á meðan á fluginu stæði en hún var höfð í búri í geymslu þar sem dýr þurfa að vera í flugvélum. Þrátt fyrir lyfið sofnaði Dísa ekkert á leiðinni en gelti og grét alla leiðina af hræðslu þannig að það heyrðist í henni inn í farþegarýmið. Eftir að hún var komin úr flugvélinni slakaði hún loks á og svaf í nokkra daga því þá virkuðu loks svefnlyfin sem henni voru gefin.

FRÁSÖGN OG MYNDIR: KATRÍN SIGURÐARDÓTTIR
TEKIÐ SAMAN AF BJARNHEIÐI ERLENDSDÓTTUR

Dísu var komið fyrir á nýju heimili en það gekk ekki upp þannig að hún lenti á smá þvælingi. Ég var stödd erlendis þegar þetta var en þegar ég kom heim var Dísa komin til okkar og átti bara að vera í nokkra daga en þar sem Kolli bróðir hennar var hjá okkur og þau urðu mjög hænd hvort að öðru, var

Dísa

ákveðið að Dísa færi ekkert heldur fengi framtíðarheimili hjá okkur.

Það var góð ákvörðun því Dísa litla setti mikinn svip á heimilislífið. Hún var alltaf mikill þátttakandi í því sem gerðist á heimilinu. Aðlögunarhæfni hennar var mikil því hún þurfti að skipta um gír frá því sem áður var. Hún bjó áður með fjölskyldu þar sem voru tvo ung börn og átti þar stórt hlutverk í að passa þau og ekki síst ef þau voru sofandi uppi á næstu hæð í herbergjum sínum eða úti í barnavagni. Dísa var alltaf á vaktinni og lét vita um leið og heyrðist í börnunum. Hún tók barnapíuhlutverk sitt mjög alvarlega. Sem dæmi var þegar yngra barnið kom heim af fæðingardeildinni fóru foreldarnir með barnið upp í svefnherbergið og faðirinn lagðist á rúmið. Móðirinn rétti honum litla barnið í fangið en þá trompaðist Dísa því eftir hennar bókum var karlkyninu ekki treystandi fyrir ungviðinu. Hún sætti sig síðan auðvitað við þetta.

Yngra barnið var einstakt á þann hátt að það var alveg sama í hverskonar beisli hún var sett þegar hún svaf úti í vagni, hún gat alltaf losað sig og skreið þá upp úr vagninum og út á svuntuna þar sem hún var í stór hættu. Foreldranir voru í stökustu vandræðum með þetta. Þá kom Dísa til bjargar þar sem hún lá við vagninn og um leið og litla stúlkan fór að losa sig úr beislinu gelti Dísa og lét þannig foreldrana vita. Dísa klikkaði aldrei á þessu. Dísa var líka mikil dama og var ekkert fyrir að fara út í göngutúra, dugði alveg að hlaupa um garðinn og húsið sem hún bjó í.

Breytingin var því mikil fyrir Dísu við að koma til okkar. Hjá okkur voru börnin orðin eldri og því ekkert smábarna stúss. Við fórum nánast daglega í göngutúra því Kolli bróðir Dísu var vanur því og auðvitað vildi Dísa ekki vera eftir heima þegar Kolli fór í göngutúr. Það kom á daginn að Dísa var mikill göngugarpur þó hún færi ekki að stunda göngutúra fyrr en hún var orðin tíu ára gömul. Við gengum þetta sex til sjö kílómetra á dag og stundum allt upp í tólf kílómetra. Við fórum oft á fjöll í nágrenninu til dæmis Úlfarsfell og Esjuna upp að steini. Ef göngutúrar voru af einhverjum ástæðum í styttra lagi, stoppaði Dísa við innkeyrsluna heima og kom ekki að húsinu heldur horfði á mig spyrjandi hvort göngutúrinn væri virkilega ekki lengri í dag.

Þó ekki væru ung börn á heimilinu þá fæddust fljótlega barnabörn sem komu stundum í pössun. Eitt sinn þá var ömmustrákur í pössun. Hann hafði eitthvað meitt sig og huggaði ég hann en hann var enn aðeins volandi þegar þegar ég lagði hann á sófann til að skipta á honum. Þá stökk Dísa litla upp í sófann til barnsins og lagði vangann á brjóstið á honum og var þannig að hjálpa mér að hugga drenginn. Þetta var svo innilegt og fallegt, alveg ótrúleg sjón sem ég gleymi aldrei.

Það fæddust þrjú barnabörn með fremur stuttu tímabili og komu þau í heimsóknir og pössun eins og gengur og gerist. Þetta skapaði vanda með Dísu því hún átti það til að byrja að mjólka eftir að ungabarn hafði verið í heimsókn. Í fyrsta sinn sem það gerðist áttaði ég mig ekki á þessu

en tók bara eftir því eftir einhverja daga að einn speni var orðinn mjög stór en í hann hafði safnast mjólk og þar sem hann var ekki tæmdur þá stíflaðist hann. Dísa endaði þá hjá dýralækninum og þurfti að fá sýklalyf því það var komin sýking í spenann. Eftir þetta fylgdist ég með spenunum ef það kom ungabarn í heimsókn og tæmdi þá þegar mjólk safnaðist í þá.

Dísa var fremur alvörugefinn hundur, minnti helst á stranga kennslukonu sem vildi hafa allt í rólegheitum og engin læti. Kolli bróðir hennar var hins vegar mjög kátur og elskaði boltaleik eins og flestir hundar. Dísa lét þessi læti viðgangast en þegar henni fannst nóg komið blandaði hún sér í leikinn til þess að ná boltanum í burtu og stöðva þessi læti og hamagang. Hræðsla Dísu við hávaða varð til þess að við hættum að fara með hana á hundasnyrtistofu og láta klippa hana og snyrta eins og dæmigert er fyrir púðlur. Dísa var svo hrædd við hljóðin í hárblásurum að starfsfólkið á hundasnyrtistofunni lét okkur vita og sagði að það treysti sér ekki til að fá hana aftur í klippingu. Eftir það klipptum við Dísu sjálf og var hún með frekar villt útlit því að við hér heima vorum ekki eins flink að klippa, allavega ekki púðluklippingu en Dísa var ekki síðri án slíks pjatts.

Dísa var alveg snjóhvít á lit en einn daginn kom hún inn úr garðinum okkar og var þá græn á litinn. Það var nýbúið að slá grasflötina og Dísa var á vappi út í garði og velti sér greinilega upp úr nýslegnu grasinu með þeim afleiðingum að grasgræna settist í feldinn og hún var nánast algræn. Það tók nokkurn tíma að fara úr feldinum því grasgrænu er ekki auðvelt að ná úr.

Ef við þurftum að fara í burtu í einhverja daga fór Dísa í pössun. Hún var alltaf pössuð af fólki sem við þekktum og við vissum að hún væri í góðu atlæti hjá. Samt var það þannig að þegar við komum aftur heim þá var Dísa í fýlu við okkur og talaði varla við okkur í nokkra daga eftir að við komum til baka svona bara til að láta vita að við ættum ekki að fara frá henni.

Þó Dísa væri smá þá tók hún að sér það hlutverk að verja heimili sitt vel. Í tvígang kom það fyrir að brotist var inn á heimili fyrri eigenda hennar með því að farið var inn um glugga í kjallara. Dísa hefur greinilega látið svo mikið í sér heyra að þjófarnir sneru við og komu sér sömu leið út. Þetta sást á skóförum sem viðkomandi skildu eftir sig. Eitt sinn kveiknaði í hjá þeim og þurfti að kalla til slökkviliðið. Dísa stóð þá inni og reyndi að verja heimilið fyrir þessum óboðnu gestum sem slökkviliðsmennirnir voru. Þeir komu svo með hana geltandi og urrandi út úr húsinu og afhentu eigendunum.

Barn að leika við Dísu

Eftir að Dísa kom til okkar kom kettlingur á heimilið og gekk Dísa honum þegar í móðurstað. Hún var mjög góð við kisu og brá meira að segja út af vana sínum og lék stundum við kisu litlu.Á kvöldin þegar við horfðum á sjónvarpið lágu þau oftast þrjú á fótleggjum mínum Dísa, Kolli og kisa litla og voru þau mjög náin og hænd hvert að öðru.

Svo kom að sorgartímum þegar Kolli kvaddi okkur en hann dó langt fyrir aldur fram, allavega miðað við Dísu en hann varð 8 ára. Hann var flogaveikur og þróuðust veikindin á þennan veg. Um sama leiti týndist kisan litla og fannst aldrei og var þá Dísa mín allt í einu ein eftir með okkur mannfólkinu. Hún fylgdi mér í einu og öllu hér heima. Ef hún þurfti að vera lengi ein yfir daginn tók ég hana gjarnan með mér á fundi þar sem hún var alltaf stillt og prúð og fékk auðvitað klapp og knús frá öðrum sem fundina sátu. Um helgar þegar ég borðaði morgunmat lá Dísa á stól við hliðina á mér og sama var með kvöldin þegar horft var á sjónvarp þá var hún alltaf í sófanum með okkur. Hún fylgdi mér eftir við hvað eina sem ég var að gera. Hún var svo mikil vin- og fylgdarkona að nú þegar hún er farin er endalaus söknuður. Litla hvíta andlitið með brúnu augunum fylgja mér nú ekki lengur eftir. Ótrúlegt hvað ein lítil vera getur verið mikill persónuleiki og haft sterka nærveru.

Dísa okkar sofnaði sínum hinsta svefni hér heima í sófanum okkar þann 30. ágúst þá tuttugu ára gömul. Hún þjáðist ekki af neinum sjúkdómi og var alla sína ævi mjög heilsuhraust. Ég veit að það væri eigingirni og heimtufrekja að ætlast til að hafa hana lengur hjá okkur. Ég er mjög þakklát fyrir að hafa haft hana heila hundsævi þó svo að hún hafi verið tíu ára þegar hún kom til okkar.

Hvíl þú í friði elsku Dísa mín.

INNIAÐSTAÐA *fyrir bestu vinina*

Hundar eru stór hluti af daglegu lífi fjölskyldna og misjafnt er eftir húsnæði og aðstæðum fólks hvernig aðstaðan er innandyra fyrir hundinn. Einn hundur eða tveir geta hreiðrað um sig hvar sem er, eiga sitt bæli og/eða sitt búr, fá að sofa uppi í rúmi eða sófa, til fóta eða undir rúmi. Það finnur hver sinn stað. Málið getur hins vegar orðið ögn snúnara þegar fólk, aðallega ræktendur, eru komnir með fleiri en tvo og fleiri en þrjá hunda á heimilið. Okkur lék forvitni á að vita hvernig inniaðstöðu félagsmenn eru með og fengum að skyggnast inn hjá nokkrum aðilum sem eiga fleiri en einn hund.

HÖFUNDUR: SVAVA BJÖRK ÁSGEIRSDÓTTIR.
MYNDIR: ÚR EINKAEIGU VIÐMÆLENDA

Pomforyou

Sigurlaug Sverrisdóttir ræktar pomeranian smáhunda undir nafninu Pom4you og býr með nokkrum slíkum hundum á sínu heimili.

„Við erum með sérstakt hundaherbergi sem við græjuðum nú nýverið. Það er 80 fermetrar í heildina sem skiptist í sirka 50 fermetra rými sem rúmar gerðin og baðaðstöðuna, 30 fermetra leiksvæði og svo erum við með sirka 1000 fermetra útiaðstöðu“.

Sigurlaug segir inniaðstöðuna skipulagða með nokkrum gerðum sem þau smíðuðu. Hæðin á gerðunum er 60 cm og eru gerðin einungis hugsuð fyrir smáhunda. „Við settum vínyl parket á allt gólfið sem er mjög mjúkt og gott að þrífa. Mjúkt fyrir litla fætur að ganga á. Við notuðum timbur í gerðin sem við máluðum svo hvítt, gráa efnið í gerðunum er aluzink“.

Sigurlaug segir hreint út að hundarnir séu dekraðir í drasl og njóti sín vel í þessari góðu aðstöðu. „Ég er að fara að setja Moomin veggfóður á veggina og þá verður þetta fullkomið“.

Ístjarnar

Elma Cates ræktar íslenska fjárhunda og bedlington terrier hunda undir nafninu Ístjarnar. Hún er í miðjum breytingum í sinni hundaaðstöðu. „Hundaaðstaðan okkar er í frekar stóru rými, snyrtiaðstaðan fyrir hundana er þar líka. Það var áður gróðurhús og er hluti af stofunni okkar. Þar erum við líka með heitan pott sem við ætlum að færa út á pall“.

Elmu finnst afar þægilegt að geta opnað rýmið út á tveimur stöðum, beint út í garðinn. Önnur hurðin opnast beint inn á yfirbyggt svæði sem er líka með hliðum svo að hundarnir blotna ekki ef það er rigning eða snjór“. Elma var að ljúka við að útbúa rúm fyrir hundana úr rimlarúmi. „Þeir virðast kunna vel við sig þar og svo erum við líka með góð bæli á gólfinu“.

Himna

Silla Vignisdóttir hjá Himna ræktun býr með nokkrum hundum á sínu heimili í Mosfellsdal. Hún ræktar lhasa apso, chihuahua og labrador hunda og búa þessar tegundir í sátt og samlyndi á heimilinu.

Hundarnir hafa til umráða allt heimilið en eiga sitt eigið hundaherbergi. Það er 18, 8 fm og hægt er að opna og hleypa beint út í garðinn. Þar er stórt svæði hellulagt og einnig stutt út á afgirta flöt. „Við erum með baðaðstöðu í sér herbergi sem er frábært, þá er bara allt saman á einum stað. Við hönnun hússins gerðum við strax ráð fyrir hundaherbergi og það kom ekkert annað til greina en að setja epoxy á gólfin sem og veggina. Ég elska að geta smúlað allt án þess að hafa áhyggjur“.

Í herberginu er svokallaður búravagn þar sem minnstu hundarnir sofa og matast, hver í sínu búri. „Ég vil að allir geti notið matar síns í rólegheitum, þau borða skammtinn sinn í sínu búri og ef þær hafa ekki klárað þá er maturinn bara þar þangað til næst“. Við hurðina hanga taumar, ólar og beisli, allt á sínum stað. „Ég er með grejur til þess að geta spilað tónlist fyrir þau og ég er með bedda til þess að kúra í. Við erum með hvolpagirðingu sem ég notast við þegar ég er með hvolpa, þá alast þeir upp í kringum stærri hundana og venjast samneyti við þau þótt þau séu stúkuð af“.

Orku

Birna Kristjónsdóttir og Kristinn Hákonarson, sem að þessu sinni eru í ræktendaviðtali Sáms, eru með nýlega hundaaðstöðu á heimili sínu í sveitinni fyrir austan fjall. Þau rækta border collie og german klein spitz undir ræktunarnafninu Orku. Hundarnir þeirra eru mikið inni á heimilinu en aldrei allir í einu.

„Við útbjuggjum hundaaðstöðu í tveimur 3 x 6 metra gámum. Þar erum við með 6 stíur og frábæra baðaðstöðu með öllum græjum. Hver stía er 3 fermetrar og er ætluð einum til tveimur hundum. Við erum með dúk á gólfum og frábært að þrífa það. Veggirnir eru klæddir járni og spónaplötum. Stíurnar sjálfar fluttum við inn frá Þýskalandi. Við rennum yfir með ryksuguna einu sinni yfir daginn og skúrum eftir þörfum“. Að þeirra sögn er þægilegt að geta opnað beint út í 100 fermetra gerði sem er með góðri möl. Þau eru með stóran afgirtan garð þar sem hundarnir hlaupa lausir, en einnig eru þau með góða hundakerru sem þeim finnst þægilegt að nota þegar þau fara með hundana á skemmtilega staði til að spretta úr spori eða á æfingar. „Þegar við erum með got ölum við hvolpana upp fyrstu 4 vikurnar inni á heimilinu okkar en flytjum þau svo út í hundahús til eldri hundanna, þeir eyða miklum hluta dagsins með okkur eða úti í garðinum. Það er frábært að vera með svona góða aðstöðu og gerir allt ræktunarstarfið auðveldara og skemmtilegra“.

HEYRNARLEYSI Í DÝRUM

Heyrnarleysi - skortur á hljóðskynjun - og skert heyrn er algengt hjá hundum og köttum en í minna mæli hjá öðrum tegundum. Heyrnarleysi getur verið arfgengt eða áunnið, meðfætt eða komið síðar á lífsleiðinni, og flokkað sem skyntaugaskerðing eða - leiðniskerðing. Algengasta orsök heyrnarleysis hjá hundum og köttum er meðfædd og arfgeng tengd við gen sem bera hvítt litarefni. Fullorðin og öldruð dýr eru líklegust til að verða fyrir heyrnarskerðingu vegna eyrnabólgu, eituráhrifa af lyfjum, hávaðamengunar og presbycusis (aldurstengt heyrnarleysi).

HÖFUNDUR: GEORGE M.STRAIN, PHD, COMPARATIVE BIOMEDICAL SCIENCES, SCHOOL OF VETERINARY MEDICINE, LOUISIANA STATE UNIVERSITY
JAN 2020. GEFIÐ ÚT Á VEFNUM www.msdvetmanuel.com OG ÞÝTT MEÐ LEYFI HÖFUNDAR.
ÞÝÐING: KRISTJANA KNUDSEN
YFIRLESTUR: SILJA UNNARSDÓTTIR, DÝRALÆKNIR
MYNDIR: AMANDA FULLER

Arfgengt heyrnarleysi, venjulega meðfætt, getur annaðhvort átt uppruna sinn í kuðungi í eyra eða í taugaþekjufrumum. Kuðungstengt heyrnarleysi *(Cochleosaccular)* hjá hundum er hægt að greina. Ef til staðar er annars vegar gen sem veldur *piebald* eða hins vegar gen sem veldur *merle* litnum. Þessi tegund heyrnarleysis getur komið fram í öðru eða báðum eyrum og tengist einnig bláum augum og hvítum lit. Sé um þetta að ræða eru dýrin alveg heyrnarlaus. Heyrnarleysi vegna skorts á litarfrumum kemur einnig fram í hestum, nautgripum, svínum og öðrum tegundum. **Arfgengt heyrnarleysi er algengasta orsök heyrnarleysis hjá hundum og köttum og ætti að vera það fyrsta sem er skoðað þegar ber á frávikum í hegðun dýra sem bera ríkjandi hvítt litarefni.**

Ástandið þróast innan þriggja vikna eftir fæðingu. Það myndast hrörnun í innra eyra sem stafar af skorti á sortufrumum. Sortufrumurnar eru ekki til staðar því *piebald*(eða splash) genið eða merle genið veldur því að það er enginn litur og þar af leiðandi engar sortufrumur. Dýr sem eru heyrnarlaus á öðru eyra geta lifað eðlilegu lífi ógreind án BAER-heyrnarmælinga[1] . En afkvæmum þeirra stafar meiri hætta af heyrnarleysi sé ræktað undan þeim. Arfgengi heyrnarleysis er ekki einfalt reikningsdæmi.

Heyrnarleysi í tengslum við taugaskerðingu tengist ekki litarefnum, er venjulega á báðum eyrum og stafar af því að hárfrumur í innra eyra verða fyrir skaða en án þess þó að hafa áhrif á *Stria vascularis* í innra eyra. Önnur einkenni tengd innra eyra t.d. hlutanum sem nefnist *(Vestibular)* geta verið til staðar hjá ákveðnum tegundum *(td. í doberman pinschers).*

Erfðatengt heyrnarleysi á fullorðinsárum hefur verið skráð í nokkrum hundategundum *(border collie, rhodesian ridgeback)* en ekki greint frekar með tilliti til meinafræði og erfða.

Meðfætt heyrnarleysi (venjulega arfgengt) hefur verið **skráð hjá meira en 100 hundategundum** og er sérstaklega algengt í þeim tegundum sem bera *piebald* erfðaefnið, **dalmatian, dogo argentino, catahoula leopard dog, bull terrier, australian cattle dog, english setter, english cocker spaniel, boston terrier og parson russell terrier** og í þeim mismunandi kynjum sem bera *merle* litagenið. Heyrnarleysi er algengt hjá **hvítum köttum**, sérstaklega hjá þeim sem eru með blá augu. Ekki eru þó bláeygð kattakyn eins og siamese að glíma við þennan vanda.

Engin DNA- prófun er í boði sem stendur til að bera kennsl á burðarefni erfðaheyrnarleysis hjá hundum eða

[1] BAER mæling stendur fyrir Brainstem Auditory Evoked Response. Það er nákvæmasta mælingin til að meta heyrn dýra.

köttum, þannig að einungis **BAER**-prófanir og upplýst sértæk ræktun eru tækin til að draga úr algengi innan kynja. Skráðar hafa verið tvær orsakavaldandi erfðabreytingar í doberman pinschers.

Heyrnarleysi vegna leiðniskerðingar stafar af hindrun eða minnkun hljóðbylgna, venjulega vegna miðeyrnabólgu, langvarandi utanaðkomandi eyrnabólgu eða mikils eyrnamergs og sjaldnar vegna þess að hljóðhimna springur eða heyrnabeinsskemmdir eiga sér stað. Við lyfjameðhöndlun og þegar vefir gróa endurheimtir dýrið venjulega heyrn. Bati eftir miðeyrnabólgu getur þurft nokkrar vikur. Þegar líkaminn læknast af sýkingunni öðlast dýrið smám saman heyrn. Þekkt er að miðeyrnabólga af völdum kirtils, lím eyra, sérstaklega í cavalier king charles spaniels, geti orsakað viðvarandi heyrnarleysi sem hægt er að meðhöndla með rörum í eyrun. Við uppskurð vegna límeyra í eyrnagöngum verður dýrið vanaleg heyrnaskert og jafnvel heyrnarlaust.

Heyrnarleysi vegna skyntaugaskerðingar stafar af því þegar skyntaugafrumur eða hárfrumur í innra eyra verða fyrir óafturkræfum skemmdum hjá spendýrum. Heyrnartæki í þessum tilfellum hafa takmörkuð áhrif. Heyrnarleysi sem tengist skyntaugum getur stafað af sýkingu í legi eða eituráhrifum, eyrnabólgu eða heilahimnubólgu, hávaðamengun, eiturverkunum á eyrum, í kjölfar svæfingar, eftir æxli eða vegna öldrunar *(presbycusis)*. Heyrnartapið getur verið á báðum eyrum eða öðru og að hluta eða öllu leyti. Bólgum í innra eyra geta fylgt einkenni eins og þegar hundar halla undir flatt eða hrista höfuðið. Veiði- eða herhundar sem upplifa hávær hljóð eins og skothríð geta orðið fyrir uppsöfnuðu heyrnartjóni sem stundum fer framhjá fólki. Þetta getur komið í ljós hjá veiðihundum þegar fjarlægðin þar sem þjálfaður hundur bregst við skipunum getur styst um helming eða meira. Heyrnarhlífar fyrir hunda eru fáanlegar.

Ýmis lyf og efni geta valdið eituráhrifum og skemmdum á heyrn má þá nefna, sérstaklega amínóglýkósíð sýklalyf *(gentamicin, amikacin)*, og lyf við æxlismyndun *(cisplatin)*, salicylates, þvagræsilyf *(ethacrynic acid, furosemide)* og sótthreinsandi lyf *(chlorhexidine)*. Skemmdir vegna eituráhrifa eru venjulega varanlegar. Algengust er eituráhrif vegna amínóglýkósíðs. Sú eitrun getur haft áhrif á skynjun hátíðnihljóða en skaðinn getur komið fram nokkrum vikum eftir að meðferð hefur verið hætt. Hundar eða kettir sem fara í svæfingu við tann- eða eyrnahreinsun hafa stöku sinnum vaknað heyrnarlausir, en orsökin getur ýmist verið tengd leiðniskerðingu eða skyntaugaskerðingu

en er óþekkt. Fá tilfelli eru þekkt þar sem aðgerðir á öðrum líkamssvæðum en munni og eyra hafi valdið heyrnarleysi og ekki hefur verið greint frá heyrnarleysi á aðeins öðru eyra vegna deyfilyfja.

Mörg öldruð dýr verða heyrnardauf eða heyrnarlaus vegna aldurs *(presbycusis)*. Fyrst minnkar getan til að greina miðlungs háa til háa tíðni á hljóðum og síðan smám saman þróast tap á öllum hljóðtíðnum. Heyrnartapið virðist byrja skyndilega í upphafi en hefur samt sem áður þróast um langt skeið. Ekki virðist vera kynjamunur á algengni. Upphaf heyrnarskerðingar er oftast á síðasta þriðjungi af dæmigerðum líftíma tegundar og mun þróast í heyrnarleysi ef dýrið lifir nógu lengi.

Dýr sem eru heyrnarskert eða heyrnarlaus á öðru eyra sýna fá merki. Fyrst og fremst kemur þetta ástand fram í vanhæfni til að staðsetja uppruna hljóða og hegðun sem miðar að því að snúa góða eyranu í átt að hljóðunum, en mörg dýr bæta þetta heyrnartap upp á annan hátt og sýna engin frávik í hegðun.

Dýr sem eru heyrnarlaus á báðum eyrum bregðast ekki við hljóðörvunum heldur verða mjög fær í að nota önnur skilningarvit eins og sjón og titring. Heyrnarlaus dýr verða líka fær í að fylgja eftir hegðun systkina sinna og annarra heimilisdýra. Ræktendur hundategunda þar sem heyrnarleysi er algengt hafa þurft að taka ákvörðun um að aflífa tvíhliða heyrnarlaus dýr og gelda þau sem eru heyrnarlaus á öðru eyra vegna skorts á lífsgæðum og þeirrar ábyrgðar sem fylgir því að eiga heyrnarlausan hund, t.d. má nefna bithættu

þegar heyrnarlausum hundi bregður. Hægt er að ala upp heyrnarlausa hunda, en það þarf miklu meiri kunnáttu til heldur en ef um hund með fulla heyrn væri að ræða. Að kenna hlýðni með látbragði og táknmáli hefur verið notað með góðum árangri í samskiptum. Eigendum heyrnarlausra hunda ætti að vera ráðlagt að vernda gæludýr sín sérstaklega fyrir ófyrirséðum slysahættum eins og vélknúnum ökutækjum.

Hundum sem missa heyrn seinna á ævinni virðist takast vel að lifa með því en sýna stundum hegðunareinkenni sem benda til heyrnarskynjunar sem lýsir sér á svipaðan máta og hegðun hjá fólki með langvarandi eyrnasuð. Engar vísbendingar eru um að heyrnarlaus dýr upplifi sársauka eða vanlíðan vegna ástandsins.

Greining heyrnarleysis er nákvæmust með BAER-prófunum hjá sérfræði dýralæknum. Hegðunarrannsóknir eru venjulega framkvæmdar hjá dýralæknum og þá er prófun gerð á viðbrögðum við hljóðörvun utan sjónsviðs dýrsins. Takmörkun á hegðunarrannsóknum er sú að ekki er hægt að bera kennsl á það þegar dýr er heyrnalaust á öðru eyra, erfitt getur verið að greina áreiti í gegnum önnur skilningarvit eða afleit viðbrögð hjá stressuðum dýrum og eins geta viðbrögð við áreiti verið lituð af fyrri reynslu dýrs. Ef sofandi dýr vaknar ekki við hljóðáreiti en engin önnur áreiti eru til staðar er það vísbending um að heyrnarleysi sé til staðar á báðum eyrum. Að auki er hægt að framkvæma rannsókn á ytra eyra og hlustinni, taka röntgenmynd af eyrnabeinum og framkvæma taugasjúkdómagreiningu til að leiða ljós í ljós orsökina, sérstaklega ef um er að ræða heyrnarleysi tengt leiðniskerðingu. Í framhaldi af því er oftast brugðist við með viðeigandi læknis- eða skurðaðgerð. Við eituráhrif getur snemmtæk íhlutun stundum dregið úr eða snúið við heyrnartapi en það er ekki oft sem slíkt næst. Þegar heyrnarskerðing hefur þróast vegna skyntaugaskerðingar er hún vanalega óafturkræf og ekki er hægt að ákvarða orsök hennar. Meðfætt heyrnarleysi hjá tegundum með hvíta litarefni er næstum alltaf af erfðafræðilegum uppruna.

LYKILATRIÐI

- Algengast er að heyrnarleysi hjá hundum og köttum sé meðfætt og arfgengt og tengist hvítu litarefni og bláum augum.
- Heyrnarleysi vegna skyntaugaskerðingar er óafturkræft, en ef það er vegna leiðniskerðingar mun það oft hverfa með tíma og meðhöndlun.
- Heyrnarskerðing á seinni hluta aldurskeiðs getur stafar af eyrnabólgu, eituráhrifum, hávaðamengun eða verið aldurstengd heyrnarskerðing (*presbycusis*).

Sérsaumaðir hundagallar fyrir alla stærðir af hundum. Fjærar gerðir og margir litir. Uppl. elma@hundurinn.is

Brit care
PREVENTION BY NUTRITION

FYRIR KRÖFUHARÐA HUNDA

Auðmeltanlegt og ofnæmisvænt fóður fyrir allar tegundir hunda; unga, gamla, orkumikla, viðkvæma.

HLAÐVÖRP FYRIR HUNDAÁHUGAFÓLK !

HÖFUNDUR: SUNNA BIRNA HELGADÓTTIR

BARKS PODCAST
Hér er farið yfir ýmislegt tengt hundum frá barksfromtheguild.com.

DRINKING FROM THE TOILET
Hannah Brannigan fer yfir ýmis mál tengd hundaþjálfun.

FENZI DOG SPORTS PODCAST
Viðtöl við ýmsa hundaþjálfara sem eru á kafi í hundaíþróttum.

KAY LAURENCE - LEARNING ABOUT DOGS
Kay Laurence og Sue McGuire ræða um margt áhugavert tengt hundaþjálfun.

MIND JAM PODCAST
Rodney Habib og Dr. Susan Becker fara yfir heilsutengd mál.

MÍÓ MINN HUNDASPJALL
Freyja Kristinsdóttir fer yfir málefni líðandi stundar.

POSITIVELY DOG TRAINING
Victoria Stilwell fer yfir málin á jákvæðu nótunum.

SEXIER THAN A SQUIRREL
Tom og Lauren leggja áherslu á að kenna allt í gegnum leik.

SHAPED BY DOG SUSAN GARRETT
Susan Garrett er bæði skemmtileg og snillingur í hundaþjálfun.

Á Soundcloud og www.wildheartdog.com má finna viðtöl sem hundaþjálfarinn Stephanie Price tók við 12 mjög reynslumikla hundaþjálfara sem hafa flestir verið lengi í faginu. Ég mæli virkilega með að hlusta á öll þessi viðtöl. Viðtölin má finna á soundcloud þegar leitað er að Steph - Wild Heart Dog.

SJÚKRAKASSI
fyrir fjórfætta vinarins

Við vitum flest hvernig sjúkrataska fyrir fólk er samsett. En hvað með sjúkratösku hundsins?
Mikilvægt er að eiga sjúkrakassa til staðar á hverju heimili til að geta hlúð að minni sárum, sett einfaldar umbúðir eða hlúð að hundi með magapest.
Ráðlagt er að eiga eina til tvær sjúkratöskur til staðar, eina heima fyrir og eina í bílnum. Einnig getur verið gott fyrir útivistarfólk að hafa litla tösku í fjallgöngum og á veiðum eða í vinnu með hundana.

HÖFUNDUR: THEODÓRA RÓBERTSDÓTTIR,
DÝRAHJÚKRUNARFRÆÐINGUR
MYNDIR: ANÍTA LÁRA ÓLAFSDÓTTIR OG
WWW.PINTEREST.COM

Þegar lagt er af stað í lengri ferðir þar sem aðgengi að dýralæknum er takmarkað getur verið betra að hafa sjúkrakassann veglegri en heima fyrir. Ef lagt er af stað í ferðalag á svæði utan heimabyggða er gott að vera búin að kynna sér lítillega dýralæknaþjónustu á svæðinu sem haldið er á.

Mikilvægt er að geta beitt fyrstu hjálp ef um neyðartilfelli er að ræða, auk þess að geta bundið fyrir blæðingu eða sett á einfaldar umbúðir þar til hægt er að ná í dýralækni.

Ef ekki er um alvarlegt neyðartilfelli að ræða heldur slappleika, almennar pestir og þess háttar veikindi getur verið gott að mæla hitastig hundsins áður en hringt er á lækni en slíkar upplýsingar hjálpa til við að meta hversu alvarlegt tilfellið er.

HUNDAR OG NEYÐARTILFELLI - NOKKUR RÁÐ

1. MIKILVÆGT ER AÐ TRYGGJA ÖRYGGI HUNDSINS, ÞÍN OG ANNARRA EF UM NEYÐARTILFELLI ER AÐ RÆÐA ÞAR SEM HUNDAR SEM FINNA TIL EÐA HRÆÐDIR BREGÐAST EKKI ALLTAF VIÐ EINS OG ÞEIR GERA HEIMA (T.D. ÞARF STUNDUM AÐ SETJA MÚL Á HUND SEM FINNUR TIL).

2. EF UM VIRKA BLÆÐINGU ER AÐ RÆÐA ER GOTT AÐ SETJA BRÁÐABIRGÐA ÞRÝSTIUMBÚÐIR TIL AÐ STÖÐVA BLÆÐINGU.

3. HAFÐU SAMBAND VIÐ DÝRALÆKNI (GOTT AÐ HAFA SÍMANÚMER VISTUÐ EÐA SKRIFUÐ NIÐUR TIL AÐ FLÝTA FYRIR), DÝRALÆKNIR GETUR LEIÐBEINT YKKUR UM NÆSTU SKREF EFTIR ÞVÍ HVERT NEYÐARTILFELLIÐ ER.

4. ALDREI GEFA LYF NEMA Í SAMRÁÐI VIÐ DÝRALÆKNI.

5. EKKI BJÓÐA HUNDINUM MAT EÐA VATN NEMA Í SAMRÁÐI VIÐ DÝRALÆKNI (EF ÞÖRF ER Á NEYÐARAÐGERÐ ER EKKI ÁKJÓSANLEGT AÐ HUNDURINN SÉ NÝBÚINN AÐ BORÐA).

6. MEÐ VEL ÚTBÚINN SJÚKRAKASSA MÁ Í SAMRÁÐI VIÐ DÝRALÆKNI FLÝTA FYRIR MEÐHÖNDLUN EÐA TRYGGJA ÖRYGGI HUNDANNA Á SEM BESTAN HÁTT.

7. UPPLÝSINGAR UM VAKTHAFANDI DÝRALÆKNA MÁ FINNA Á WWW.MAST.IS

Hér fyrir neðan setti ég saman lista yfir það sem ég tel vera nauðsynlegt og hvað má vera aukalega til staðar. Auðvitað má vega og meta hvað þarf nauðsynlega að hafa með eftir því hvert tilefnið er og hversu langt er í næstu dýralæknaþjónustu.

SJÚKRATASKA:

- SJÚKRATEIP, KLASSÍSKT
- GRISJUR (NON-WOVEN)
- BÓMULLARVAFNINGUR
- SJÁLF-LÍMANDI UMBÚÐIR (COHESIVE BANDAGE)
- BÓMULLARHNOÐRA
- SKÆRI
- SPRITT
- FLÍSATÖNG
- HANSKAR
- SÁRAVATN EÐA KLÓRHEXIDÍN (0,05%LAUSN)
- HITATEPPI
- NEYÐARNÚMER DÝRALÆKNA
- BLAÐ OG PENNI

- AUKALEGA ER GOTT AÐ HAFA:
- HITAMÆLIR (RASSAMÆLIR)
- PRO-KOLIN (MAGASTEMMANDI)
- GRÆÐANDI KREM (T.D. HUNANGSKREM)
- KOL (ALDREI GEFA NEMA Í SAMRÁÐI VIÐ DÝRALÆKNI)
- MÚLL (EF ALVARLEG SLYS VERÐA)
- KLÓAKLIPPUR
- VERKJALYF (GEFIST Í SAMRÁÐI VIÐ DÝRALÆKNI)
- BLAUTMATUR FYRIR MAGAVANDAMÁL
- HUNANG (EF BLÓÐSYKURFALL VERÐUR)
- ÞÓFASMYRSLI
- SPRAUTUR (Í NOKKRUM STÆRÐUM)
- NÁLAR (Í NOKKRUM STÆRÐUM)
- UNGBARNASOKKAR (HLÝJIR)

NÝIR MEISTARAR

ISShCh - Íslenskur sýningameistari og NLM - Norðurljósameistari

LABRADOR RETRIEVER
ISShCh ISJCh NLM Nátthaga Skorri
Eigandi og ræktandi: Guðsteinn Eyjólfsson

ISFtCh - Íslenskur veiðimeistari

LABRADOR RETRIVER
ISFtCh FTW-20 OFLW-19 FTW-20 Heiðarbóls Dimma
Eigandi, stjórnandi og ræktandi: Heiðar J. Sveinsson

ISCh – Íslenskur meistari

DALMATIAN
ISCh Hogwarts IZ Terleskoy Dubravy
Eigandi: Kristjana Knudsen
Ræktandi: Irina Petrakova

ISVetCh Íslenskur öldungameistari

LABRADOR RETRIEVER
ISVetCH Nátthaga Krumma
Eigandi og ræktandi: Guðsteinn Eyjólfsson

ÚTSLÁTTARKEPPNI HRFÍ

fann 20. júní 2020

Félagsmenn Hundaræktarfélags Íslands hafa eflaust fundið fyrir því hvaða áhrif yfirstandandi heimsfaraldur hefur haft á starfið. Margir sakna þá helst sýninganna þar sem hundarnir fá ræktunardóma og vinna jafnvel til stiga og verðlauna. Þó er það kannski félagsskapurinn og stemningin sem flestir sakna. Að hitta annað fólk sem deilir þessari ástríðu fyrir hundarækt og varðveislu þeirra tegunda sem maðurinn hefur þróað. Slík ástríða á rætur sínar að rekja til ást eigendanna á sínum bestu og tryggustu vinum. Hverjum og einum þykir sinn hundur fegurstur og hverjum sín hundategund frábærust. Þó geta allir verið sammála um að á sýningum sé kominn saman hópur fólks sem hefur einlægan áhuga á hundum.

TEXTI: SUNNA DÍS JENSDÓTTIR
MYNDIR: ÁGÚST ÁGÚSTSSON

Félagsmenn eru vanir sínum fjórum til sex sýningum á ári en í ár varð breyting á. Fyrsta sýning ársins fór fram með glæsibrag án þess að þátttakendur gerðu sér grein fyrir að þar færi fram síðasta sýningin í bili. Fljótlega eftir það fór sjúkdómurinn COVID-19 að láta á sér kræla og í kjölfarið á því hafa stjórnvöld þurft að beita aðgerðum á landamærum og í samfélaginu sem hafa komið í veg fyrir frekari sýningar. Margir voru orðnir sýningarþyrstir þegar leið að sumri og brá félagið á það snilldarráð að standa fyrir útsláttarkeppni til styrktar nýs tölvukerfis félagsins.

Félagsmenn létu ekki á sér standa og alls bárust 129 skráningar af 45 tegundum. Hvolpaflokkurinn var fjölmennur eða 29 hundar enda frábær umhverfisþjálfun fyrir hvolpana. Unghundaflokkurinn stóð sig enn betur þar sem skráðir voru 48 hundar til leiks þar sem þeir fengu góða þjálfun fyrir framtíðarsýningarferilinn.

Í opnum flokki tóku svo þátt 45 hundar sem héldu sér í sýningarformi og sýndu stuðning sinn við félagið. Ánægjulegt var svo að sjá sjö skráða öldunga yfir átta ára aldri sem engu höfðu gleymt hvað sýningarstússið varðar.

Íslenskir dómarar létu ekki sitt eftir kyrrt liggja heldur fjölmenntu og tóku þátt í þessari fjáröflun félagsins. Það voru þau Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Ásta María Guðbergsdóttir, Daníel Örn Hinriksson, Herdís Hallmarsdóttir, Lilja Dóra Halldórsdóttir, Sóley Halla Möller, Sóley Ragna Ragnarsdóttir, Viktoría Jensdóttir, Þorsteinn Thorsteinson og Þórdís Björg Björgvinsdóttir sem sinntu dómarastörfum að þessu sinni.

Fyrirkomulag keppninnar var þannig að fjórir hundar mættu saman í hring og tveir þeirra héldu áfram í næstu umferð þar til fjórir stóðu eftir í hverjum flokki og var þeim raðað í sæti.

ÚRSLITIN VORU SEM HÉR SEGIR:

HVOLPAFLOKKUR 4-9 MÁNAÐA:

1. sæti- Eldþoku Gambur, whippet
2. sæti- Gunnarsholts Don't Touch My Tiara, white swiss shepherd dog
3. sæti- Wheaten Island's Duke Fletcher, irish soft coated wheaten terrier
4. sæti- Barecho Only One Kiss, english springer spaniel

UNGHUNDAFLOKKUR 9-24 MÁNAÐA:

1. sæti- ISJCh Ragnar de Lordship's- giant schnauzer, black
2. sæti- ISJCh Orku Vonar Birta- border collie
3. sæti- Black Majesty Shake It Off, petit basset griffon vendeen
4. sæti- ISJCh Jerycho Dzikie Pola (FCI)- miniature schnauzer, black & silver

OPINN FLOKKUR 2-8 ÁRA:

1. sæti- C.I.B. ISCh ISJCh NLM RW-17 Sunnusteins Einir, íslenskur fjárhundur
2. sæti- ISJCh RW-19 Freyr, chihuahua, long-haired
3. sæti- Leynigarðs Sumarnótt, labrador retriever
4. sæti- USCh Jollypaws Royal Retribution, border collie

ÖLDUNGAFLOKKUR 8 ÁRA+:

1. sæti- C.I.B. ISCh RW-15-17 NLM Hálsakots Dream Another Dream, papillon
2. sæti- ISShCh Siggu Jónu Alfinnur Álfakóngur, english cocker spaniel
3. sæti- ISVetCh ISShCh Great North Golden Mount Belukha, golden retriever
4. sæti- St.Hunderups Sunny Salka, labrador retriever

Frábær viðburður sem kom brosi á andlit margra félagsmanna og var kærkomin tilbreyting í sýningarleysinu á árinu. Vonandi fer að líða að því að við getum haldið áfram þar sem frá var horfið með stóru glæsilegu sýningarnar okkar sem eru á pari við það sem gerist á bestu bæjum erlendis.

Útsláttarkeppni HRFÍ

NÝI FJÖLSKYLDUMEÐLIMURINN

- undirbúningur og nokkur góð ráð

Að eignast hund er stór ákvörðun og oft langt ferli sem á sér stað áður en hann kemur inn á heimilið. Sumir bíða í langan tíma eftir rétta hundinum og mikil spenna grípur um sig þegar svo loksins kemur að því að fá nýja fjölskyldumeðliminn heim. Ýmislegt þarf að hafa í huga þegar heimilið er undirbúið fyrir komu hvolpsins. Til dæmis þarf að gera heimilið „hvolp helt", kaupa ýmislegt, til dæmis matardalla, fóður, nagbein, dót og svo mætti lengi telja. Hér eru nokkrir þarfir punktar sem gott er að hafa í huga áður en hvolpurinn mætir á svæðið.

Greinin birtist áður í Sámi, 1.tbl. 32.árg. maí 2010

HÖFUNDAR: AUÐUR SIF SIGURGEIRSDÓTTIR OG ÁSTA MARÍA GUÐBERGSDÓTTIR
MYNDIR: PÉTUR ALAN GUÐMUNDSSON OG SOFFÍA FRANSISKA RAFNSDÓTTIR

Undirbúningur heimilis og heimilisfólks

Þegar búið er að finna hinn eina rétta hvolp er gott að fá hann nokkrum sinnum í heimsókn áður en hann kemur á heimilið. Tilgangur heimsóknanna er að venja hvolpinn við nýja heimilið og fjölskyldumeðlimina og einnig venst hann því að vera aðskilinn frá systkinum sínum og móður. Nauðsynlegt er að gera heimilið „hvolphelt", það er að hvolpurinn geti ekki farið sér að voða með neinum hætti. Til dæmis þarf að setja hlið við bratta stiga og stúka af þá staði sem hvolpurinn má ekki fara á, fjarlægja öll hættuleg efni, hluti og blóm sem hvolpurinn gæti mögulega komist í. Allt heimilisfólk þarf að vera samstíga um það hvað hvolpurinn má og má ekki svo að uppeldið gangi sem best.

Heimferðin

Þegar hvolpurinn er sóttur er mikilvægt að heimferðin sé jákvæð. Þó ræktendur séu sumir duglegir að venja hvolpana sína við bíl með því að fara með þá í stuttar ökuferðir eru ekki allir sem gera það og þar af leiðandi verður bílferðin að vera jákvæð fyrir hvolpinn. Gott er að hafa hann í búri í aftursætinu og einhvern við hliðina á honum til að vera til staðar fyrir hann ef hann verður hræddur. Einnig getur verið gott að halda þétt á hvolpinum ef hann er órólegur í búrinu og veita honum þannig öryggi. Margir hundar verða bílveikir og æla eða slefa. Ef hvolpurinn verður bílveikur er nóg að þvo það mesta af honum með þvottapoka. Forðast skal að baða hundinn rétt eftir að hann kemur inn á nýja heimilið – öll reynsla á að vera jákvæð fyrir hvolpinn. Nokkrum dögum fyrir áætlaða heimkomu hvolpsins er gott að skilja teppi eftir hjá ræktandanum sem er haft í hvolpakassanum þar til að heimferð kemur. Hvolpurinn finnur þá lyktina af systkinum sínum og móður fyrstu dagana á nýja heimilinu sem veitir honum ákveðið öryggi.

Eftir bílferðina er líklegt að hvolpurinn þurfi að pissa og er gott að venja hann strax við þann stað sem ætlunin er að hann geri þarfir sínar. Þegar hann pissar er sniðugt að segja orðið „pissa" og hrósa honum svo óspart. Ef það er gert er líklegt að hvolpurinn verði fyrr húshreinn vegna þeirrar jákvæðu umbunar sem hann hlýtur. Þegar hann hefur gert þarfir sínar er gott að leyfa honum að taka sinn tíma í að skoða heimilið án nokkurrar truflunar. Mikilvægt er að heimilisfólk kynnist hvolpinum á rólegan og yfirvegaðan hátt. Ef börn eru á heimilinu ætti að banna þeim að halda á hvolpinum nema þau sitji á gólfinu. Þegar hvolpurinn hefur áttað sig á heimilinu þarf að kenna honum hvað má og hvað má ekki. Ef hann má ekki fara á ákveðna staði skal segja ákveðið „nei" við hann. Ef hann hlýðir ekki og heldur áfram á bannsvæðið þarf að fjarlægja hann af svæðinu. Ef hann hins vegar hlýðir verður að grípa tækifærið og hrósa honum og smám saman fer hann að skilja að hann er ekki velkominn á þennan tiltekna stað. Eftir að hafa kannað umhverfið er líklegt að hvolpurinn þurfi að pissa aftur. Ef farið er með hvolpinn að pissa á réttum tímum, það er þegar hann er búinn að sofa, leika og borða, verður hann fljótt húshreinn.

Búrið / bælið

Ef ætlunin er að nota búr er nauðsynlegt að byrja strax að venja hvolpinn við það. Fljótlega eftir heimkomuna verður hvolpurinn þreyttur og þá er gott að búrið hans sé á þeim stað þar sem ætlunin er að hafa það. Athugið að búrið er griðastaður hvolpsins og hann á alltaf að fá að vera í friði í búrinu sínu. Hafið búrið opið og leyfið hvolpinum að ráða hvort hann fari inn í það eða ekki. Aldrei skal neyða hvolp í búrið! Gott er að hafa teppið (með góðu systkina- og mömmulyktinni í) í búrinu. Það sama gildir um bæli hvolpsins og búrið. Þegar hvolpurinn er orðin öruggur í búrinu er í lagi að loka því í smá stund í senn.

Fyrsta nóttin

Fyrsta nóttin án móður og systkina getur oft verið hvolpum erfið. Sumir hvolpar væla alla nóttina. Mikilvægt er að ákveða hvar hundurinn á að sofa og byrja strax að venja hann á þann stað. Ef ætlunin er að láta hann sofa í búrinu sínu er gott að hafa búrið við hliðina á rúminu þannig að hann finni fyrir nálægð eigenda sinna. Ef hundurinn vælir alla nóttina ætti ekki að veita honum þá athygli sem hann biður um. Nóg er að hafa höndina hjá honum til þess að hughreysta hann en forðist að svara vælinu. Hvolpar eru fljótir að læra hvað virkar á eigendurna og hvað ekki! Það gæti vel verið að hvolpurinn þurfi að pissa einu sinni yfir nóttina og þess vegna er gott að hafa dagblöð á gólfinu til að byrja með. Þegar hann vaknar um morguninn er mikilvægt að fara strax með hann út að pissa. Gætið þess að takmarka það pláss sem hann hefur á nóttunni, til dæmis með búri eða grind.

Leikföng og nagbein

Allir hundar þurfa að eiga leikföng og nagbein. Litlir hvolpar eru gjarnir á að glefsa í fingur og föt. Ef þeir gera það skal segja ákveðið „nei" og beina athygli hans að leikfangi eða nagbeini. Alls konar leikföng eru til fyrir hunda og eru mörg þeirra varasöm, til dæmis leikföng með áföstum augum eða einhverju slíku sem hvolpurinn

getur bitið af og eins leikföng með tístu. Þessir litlu hlutir geta auðveldlega hrokkið ofan í hvolpinn og valdið köfnun. Margar gerðir hundaleikfanga eru með tístu en gæta þarf þess að hvolpurinn nagi ekki tístuna úr án þess að eigandinn geti gripið inn í og fjarlægt hana.

Bein eru af öllum stærðum og gerðum og geta mörg hver verið varasöm fyrir hunda. Fylgjast þarf vel með hvolpinum þegar hann nagar bein þar sem litlir beinbútar geta auðveldlega hrokkið ofan í hann. Bein fullnægja nagþörf hvolpsins og þar af leiðandi komið í veg fyrir að hann nagi húsgögnin (ekki þó alltaf!). Ennfremur má finna svokölluð kong og ýmis konar sleikimottur sem fylla má af lifrarpylsu, hundamat, ab-mjólk eða öðru gómsætu fyrir hvolpinn.

Taumþjálfun

Gott er að venja hvolpinn strax við að vera með ól. Setjið ólina á hann og hafið á honum í smá tíma í senn. Gætið þess þó að hafa ólina ekki alltaf á hvolpinum, sérstaklega ekki þegar hann er án eftirlits þar sem ólin getur fest í einhverju eða þá að hvolpurinn getur reynt að ná henni af sér og fest kjaftinn í henni. Taumþjálfun er einnig hægt að kenna strax og er gott að hafa langan taum og leyfa hvolpinum fyrst um sinn að ráða ferðinni með því að elta hann. Smám saman tengir hann tauminn við eitthvað jákvætt og þá er hægt að byrja að þjálfa hvolpinn í að ganga í taum án þess að streða. Ýmsar aðferðir eru notaðar við slíka þjálfun og verður hver og einn að velja sér sína aðferð. Boðið er upp á ýmis námskeið fyrir hvolpa og eigendur þeirra.

Einn heima

Allir hundar þurfa að venjast því að vera einir heima. Nauðsynlegt er að byrja þessa þjálfun eins fljótt og hægt er. Gott er að byrja á því að skilja hann eftir í smá tíma, til dæmis þegar farið er út með ruslið. Smám saman er tíminn lengdur, fyrst um sinn 5 – 10 mínútur nokkrum sinnum á dag. Gætið þess að fara út og koma til baka eins og ekkert hafi í skorist, ekki fagna hvolpinum eða vorkenna honum á neinn hátt. Gott er að hafa útvarp í gangi og skilja eftir vatn og t.d. kong hjá honum og jafnvel dagblöð til að pissa á ef hann er hafður í búri. Smám saman venst hann á að vera einn heima og þegar hann verður eldri er ekki þörf á dagblöðunum þar sem hann á að geta haldið í sér í nokkrar klukkustundir.

Matartímar

Fyrst eftir að hvolpurinn kemur þarf hann að borða þrisvar til fjórum sinnum á dag. Best er að halda áfram að gefa honum það fóður sem hann fékk hjá ræktandanum. Ef það hentar ekki þá er hægt að skipta síðar en það hefur oft í för með sér hárlos og hundurinn getur orðið matvandur, sérstaklega ef skipt er oft um fóður. Þegar hvolpurinn eldist þarf hann að borða sjaldnar og er hægt að sjá að þegar hann hættir að klára matinn sinn í öll mál að kominn er tími til að fækka máltíðum. Þegar hann hefur náð fullum vexti vill hann kannski borða einu sinni á dag eða tvisvar, það fer allt eftir því hvað hentar hverjum og einum. Aldrei hafa matinn á gólfinu allan eða hálfan daginn. Ef það er gert lærir hann að hann geti borðað hvenær sem er og borðar oft minna og erfitt getur verið að halda á honum réttum holdum. Gott er að hafa matinn á gólfinu í 20 – 30 mínútur og ef hvolpurinn borðar ekki eftir þann tíma er maturinn fjarlægður. Athugið að hundar þurfa alltaf að hafa ferskt vatn hjá sér og mikilvægt er að þrífa dallana þeirra daglega.

Umhverfisþjálfun

Umhverfisþjálfa þarf hvolpinn eins fljótt og hægt er eða um leið og hann er fullbólusettur. Þangað til er til dæmis hægt að fara með hvolpinn í bílferðir og heimsóknir þar sem önnur dýr eru ekki á heimilinu. Gæta þarf þess að halda ekki á hvolpinum hvert sem farið er og þá sérstaklega í návist við annað fólk. Ef það er gert er hætta á að hvolpurinn haldi að verið sé að vernda hann og annað fólk verður þar af leiðandi hættulegt. Nauðsynlegt er að reynsla hvolpsins af börnum sé á allan hátt jákvæð. Ef krakkar koma hlaupandi að hundinum er gott að reyna að leiðbeina þeim og biðja þá um að beygja sig niður og leyfa hvolpinum að þefa af þeim fyrst. Mikilvægt er að ókunnugir beygi sig ekki yfir hvolpinn því hann túlkar það sem ógnun. Gott er að venja hann við að ganga framhjá öðrum dýrum án þess að gelta á þau. Að fara í lyftur, yfir brýr og annað slíkt er einnig mjög gott. Það er einnig gott ráð, sérstaklega fyrir þá sem ætla að sýna hundinn sinn, að setja hann upp á borð í hvert skipti sem gest ber að garði, biðja hann að klappa hvolpinum og kíkja upp í hann svo hann læri að sýna tennur. Það sama gildir með stóra hunda nema þeir eru hafðir á gólfinu og gesturinn sest á hækjur sér og skoðar hvolpinn.

Því meira sem hvolpurinn fær að reyna meðan hann er ungur, því öruggari og skemmtilegri verður hann.

SPURT OG SVARAÐ
með stjórn HRFÍ

Fólkið í stjórninni á að sjálfsögðu hunda og lék okkur í ritnefnd forvitni á að vita hvernig hunda þau hafa átt í gegnum tíðina, hvernig hunda þau eiga í dag og hvað þeim finnst skemmtilegast að gera með hundunum sínum.

UMSJÓN: SVAVA BJÖRK ÁSGEIRSDÓTTIR
MYNDIR: ÚR EINKASAFNI VIÐMÆLENDA, BIRTAR MEÐ LEYFI ÞEIRRA.

Á aðalfundi Hundaræktarfélags Íslands þann 10.júní sl. var ný stjórn kosin. Fundurinn fór fram í hátíðarsal Verslunarskóla Íslands.

Stjórn 2020 – 2021 skipa:

Herdís Hallmarsdóttir, formaður
Auður Sif Sigurgeirsdóttir, varaformaður
Guðbjörg Guðmundsdóttir, ritari stjórnar, aðalstjórn
Heiðar Sveinsson, meðstjórnandi, aðalstjórn
Svava Björk Ásgeirsdóttir, meðstjórnandi, aðalstjórn
Guðni Björgvin Guðnason, varastjórn
Anna Guðjónsdóttir, varastjórn

HEIÐAR

Ég eignaðist minn fyrsta hund í febrúar 2007 og var það labrador rakki, Suðurhjara Atlas. Áhugi minn var frá upphafi að eignast góðan heimilishund og félaga sem nýttist mér vel við veiðar.

Ég á núna 3 labrador hunda, við hjónin erum með Heiðarbóls ræktun og okkar ræktunarmarkmið er að rækta labrador hunda þar sem fókus er á veiði og vinnueiginleika sem auðvelt er að þjálfa og vinna með. Þjálfun, þáttaka í veiðiprófum og veiði með hundunum er það skemmtilegasta sem við gerum saman. Svo að auki óteljandi göngutúrar um fjöll og víðáttur landsins okkar.

HERDÍS

Ég eignaðist minn fyrsta hund níu ára gömul. Það var hann Bangsi og hann var poodle hundur. Skemmtilegur og klár hundur og kenndi mér ansi margt. Mamma og pabbi gáfu mér ekki annan hund, en þau fengu sér hins vegar springer spaniel og síðar rough collie meðan ég var að alast upp. Ég keypti mér svo minn fyrsta hund sem var rough collie tíkin Þoka, eftir að ég fluttist að heiman.

Í dag bý ég með ástralskri fjárhundstík, henni Míu. Hún er ansi húsbóndaholl og ansar því ekki að fara í göngu með öðrum fjölskyldumeðlimum. Hún vill helst bara fá að vera með mér í því sem ég er að gera og fá að vera hjá mér. Okkur þykir skemmtilegt að fara í fjallgöngur og eins skokkar hún með mér.

GUÐNI

Fyrsti hundurinn minn var golden retriever tík og þá var ekki aftur snúið. Hún hét Korpa sem ég fékk hjá Súsönnu Poulsen árið 2001. Við eigum þrjá goldena í dag. Tvo rakka og eina eins árs gamla tík sem við eigum með henni Önnu Helgu. Tíkin er dóttir Dylans okkar. Lausaganga og sund er það skemmtilegasta. Sömuleiðis eru öll námskeið frábærlega skemmtileg samvera með hundunum. Við höfum alls átt 7 goldena. Höfum aðeins verið að fikra okkur áfram í ræktun og áttum um tíma þrjár kynslóðir. Ömmuna, mömmuna og soninn. Það var mjög skemmtilegt og gefandi.

ANNA

Ég eignaðist minn fyrsta hund haustið 2006, hann Himna Eld en hann var síðhærður chihuahua og er klárlega sá hundur sem kom mér á kaf í hundana. Hann ferðaðist með mér til Finnlands og á meðan ég bjó þar fórum við ásamt öðrum hundum sem ég átt,i á hundasýningar í Evrópu. Eldur vann sér inn fjöldann allan af titlum á þessum ferðalögum okkar en hann dó því miður fyrir ári síðan. Ég hef í gegnum árin átt bæði snögg- og síðhærða chihuahua, petit brabancon og svo lhasa apso. Í dag búa hjá mér 3 síðhærðir chihuahua: Elliot, Gabríel og Freyr og svo tvær lhasa apso tíkur, þær Chili og Ótta. Okkur þykir mjög gaman að fara saman í fjallgöngur. En einnig hefur okkur alltaf fundist í gegnum árin gaman allt sem við gerum saman í kringum hundasýningarnar, svo sem þjálfunin og svo sýningarnar sjálfar.

SVAVA BJÖRK

Ég eignaðist minn fyrsta hund þegar ég var 4 ára gömul, árið 1984. Það var miniature poodle tík, hvít að lit, sem bar nafnið Pollý. Fljót að læra og hlýðin, en ekki hrifin af öðrum börnum. Pollý varð 18 ára gömul og ég því orðin 22 ára þegar hún fór. Stuttu seinna fengum við eiginmaður minn, sem þá var bara kærasti, border collie/íslenska tík. Hann kom heim einn daginn, uppveðraður af æðislegum hvolpi sem við urðum bara að eignast. Vaka var yndisleg og fylgdi okkur í hverju skrefi, afskaplega barngóð, mikill göngugarpur og hestahundur.

Í dag eigum við nokkra australian shepherd hunda og ræktum þá undir nafninu Víðigerðis. Þeir komu inn í líf okkar árið 2011 þegar ákvörðun var tekin um að flytja inn hunda frá frænda mannsins míns og konu hans sem eru með ræktun í Svíþjóð, Östra Greda. Þá var Kilja aðeins hugmynd en við biðum eftir gotinu sem hún er úr í þrjú ár. Stuttu seinna bættist hann Gucci við og svo kom Bruno tveimur árum seinna. Við eigum líka hana Köru sem er fædd okkur og svo er hann Pedro litli á leiðinni til okkar núna í desember, en hann kemur frá reyndum ræktanda á Spáni. Við eigum líka tvær tíkur sem búa hjá dásamlegum fjölskyldum.

Hundarnir okkar eru stór hluti af fjölskyldulífinu og ekki hægt að segja annað en að þeir taki þátt í öllu sem við tökum okkur fyrir hendur og það finnst mér skemmtilegast við þessa tegund. Við eigum þrjú börn sem hundarnir elska út af lífinu og öfugt. Hundarnir elska að vera með okkur í öllu því sem við erum að fást við, hvort sem það er í gönguferðum, fjallgöngum, hestunum, lausahlaupum upp með ánni eða bara að kúra með okkur fjölskyldunni uppi í sófa. Þeir eru mjög ríkir af leikgleði og vinnueðlið er sterkt í þeim flestum svo að það er alltaf gaman að bregða á leik í frisbí, fótbolta eða hlýðnivinnu. Mér finnst mjög gaman og gefandi að fara á námskeið og langar að gefa mér meiri tíma í það. Við höfum mjög gaman af því að taka þátt í hundasýningum félagsins, að þjálfa, baða og snyrta, tónlistin í botni og að græja fyrir sýningu er mikið stuð. Það sem er svo ómetanlegt er að hundarnir okkar eru alltaf til staðar fyrir okkur og ekkert betra eftir langan vinnudag en að njóta útiveru saman eða kúra saman í sófanum í smá kríu.

AUÐUR SIF

Ég eignaðist minn fyrsta hund þegar ég var 5 ára gömul. Það var labrador retriever tíkin Sara Klara. Eftir það var ekki aftur snúið og fljótlega eignaðist fjölskyldan labrador-tíkina Lilju Rós sem var fyrsti sýningarhundurinn okkar og gerði það mjög gott á sýningum. Fljótlega eftir það fluttum við inn tíbet spaniel tíkina Fjólu og síðan þá höfum við alltaf átt Tíbba. Ég flutti inn fyrstu afghan hound tíkina á Íslandi árið 2005 sem bar nafnið Chelsea. Hún var minn fyrsti „eigin" hundur. Hún eignaðist eitt got og hélt ég eftir tík úr því goti, henni Dívu. Í dag á ég schäfer-rakkana, Rush og Kobe og tíbet spaniel tíkina, Mínu. Það sem okkur finnst skemmtilegast að gera saman er að fara í fjallgöngur og þjálfa spor og hlýðni en schäferinn er mikill vinnuhundur. Mína heldur að hún sé schäfer og hagar sér eins og strákarnir.

GUÐBJÖRG

Ég var alin upp með labrador/golden blöndu sem var hundur föður míns og hans veiðihundur. Á þeim tíma (1976) var í raun bara ein þjálfunarleið sem var þekkt og það var foringjahlutverk þjálfarans og undirgefni í raun hundsins. Vaskur var dásamlegur hundur, algjört ljós á heimili og elskaði alla og algjörlega frábær sækir og mjög hlýðinn. Þessi hundur hefur litað alla mína hundaeign, ég hef sóst í hunda sem hafa vinnueiginleika og hef haft gaman af því að þjálfa hunda, þótt aðferðirnar mínar til þjálfunar séu töluvert frábrugðnar þeim þjálfunaraðferðum hunda sem ég ólst upp við.

Seinna eignaðist ég minn fyrsta „eigin" hund, það var óættbókarfærður golden retriever hundur. Sámur kom til mín 9 mánaða gamall, hann átti við ýmis hegðunarvandamál að stríða og átti ekkert skap með öðrum hundum, börnum eða fólki sem honum líkaði ekki. Gagnvart okkur heimilismeðlimum var hann ljúfur og gaf okkur margt, og lifði þar til hann var 12 ára gamall en þá fékk hann krabbamein og fékk hvíldina í kjölfar þess.

Hugur minn hafði alltaf staðið til að eignast ættbókarfærðan golden retriever, en ég vildi ekki fá hvolp inn á heimilið meðan Sámur bjó enn með okkur vegna hans skapgerðar. Þannig að 4 mánuðum eftir að Sámur dó, kom Ísgull Askur, hreinræktaður golden hvolpur inn á heimilið. Þetta var árið 2004 og Askur átti eftir að móta mig og mitt hundalíf meira en mig nokkurn tíma hafði grunað. Askur var, fram á sinn síðasta ævidag árið 2016, einn sjálfstæðasti hundur sem ég hef kynnst. Hann stakk okkur af í göngutúr í fyrsta skipti þegar hann var fjögurra mánaða gamall, gerði það sem hann vildi og hlýddi því sem hann vildi hlýða. Engu að síður var hann einn blíðasti hundur sem ég hef kynnst, elskaði alla bæði fólk og hunda. Þegar hann var um árs gamall þá var ég komin að þrotum með uppeldið, og leitaði til hundaþjálfara um sérstaka hjálp með hann, því annað hvort yrðum við að læra að vinna saman eða hann yrði bara í taumi það sem eftir ævinnar. Þannig að í gegnum Ask, kynntist ég innviðum HRFÍ, ég fór á fjöldamörg hlýðninámskeið með hann, við tókum þátt í hlýðniprófum, við reyndum fyrir okkur í veiðihundaþjálfun sem gekk ekki alveg (ekki það að það vantað áhuga hjá honum, en hann vantaði að hlusta á stýringar), Við fórum í sporaþjálfun og það reyndist okkur ágætlega og við meira að segja fórum á námskeið hjá sleðahundaklúbbnum. Askur var því miður var flogaveikur, og þurfti á lyfjum að halda alla ævi, þótt honum hafi gengið vel á sýningum þá dugar það seint til undaneldis ef heilbrigðið er ekki í lagi. Þökk sé Aski fékk ég áhuga á alls kyns vinnu með hunda og skapgerð þeirra, ég vann um árabil í skapgerðarmati HRFÍ og hafði ótrúlega gaman af því að horfa á hunda bregðast við og vinna úr því áreiti sem þeir verða fyrir þar.

Árið 2008 ákvað ég að bæta við litlum hundi, sá fyrir mér að geta notað litla Frosta (dvergsnáser) sem hund í hlýðniprófum. Við Frosti höfum svo brallað ýmislegt í gegnum tíðina, þjálfað hlýðni, hundafimi, spor og hann var einn af fyrstu lestrarhundum hjá vinum Vigdísar. Árið 2010 bættist svo við annar golden, Virgill sem ég hef líkað unnið mikið með í hlýðni, spori, reynt fyrir okkur í veiðiþjálfun og hann var duglegur lestrarhundur hjá vinum Vigdísar. Virgill er hins vegar frekar viðkvæm sál og bregst illa við áreiti, og verandi orðinn 10 ára gamall fær hann í dag bara að vera kúruhundur sem sporar stundum og fær göngutúra með öðrum ferfætlingum. Nóri (dverg schnauzer) , hálfbróðir Frosta, bættist alveg óvænt inn í fjölskylduna og við höfum brallað ýmislegt, hann er fyrsti dvergsnáser á Íslandi til að ná fyrstu einkunn í spori 1 og við erum að vinna að því að ná prófi í spori 2.

Í nokkur ár hef ég síðan gengið til rjúpna, og eftir að hafa gengið með hundum félaga minna, langaði mig í hund til að veiða með mér, og ákvað að flytja inn, í félagi við vin minn Pétur, bracco italiano. Fálki kom til landsins 2016 og síðar Cecilia 2018. Þetta er hundategund sem ég hef algjörlega fallið fyrir, fyrir mér eru þau næstum mennsk í umgengni, ljúf og yndisleg heima fyrir, eiga til að vera frekar þrjósk en virðast algjörlega getið lesið það skap sem maður er í hverju sinni. Þannig að á mínu heimili í dag eru fimm hundar, Frosti, Virgill, Nóri, Fálki og Cecilia. Ennfremur tel ég að hundar eigi ekki bara að geta unnið heldur þurfi þeir að uppfylla þann staðal sem skrifaður er fyrir tegundina, þannig að allir mínir ættbókarfærðu hundar hafa verið sýndir.

Björn og Lára Heimsendaræktun hafa valið Pedigree hundafóður í 20 ár og eru margfaldir ræktendur ársins hjá HRFÍ
Pedigree
ÞÚ GETUR LÍKA TREYST Á
PEDIGREE
HEIMSENDA
TOP #1 BREEDER